Form No. 3473-625 Rev A

TORO®

Count on it.

Notendahandbók

# Workman® HDX-D vinnubíll með palli

**Tegundarnúmer 07385—Raðnúmer 418152237 og upp úr**
**Tegundarnúmer 07385TC—Raðnúmer 418100000 og upp úr**
**Tegundarnúmer 07387—Raðnúmer 418100000 og upp úr**
**Tegundarnúmer 07387TC—Raðnúmer 417500000 og upp úr**

Skráning á www.Toro.com.
Upprunalegar leiðbeiningar (IS)

3473-625

Þessi vara uppfyllir allar viðeigandi evrópskar reglugerðir; frekari upplýsingar er að finna á aðskildu samræmisyfirlýsingarskjali vörunnar.

Notkun vélarinnar á skógivaxið, runnavaxið eða grasivaxið landsvæði telst brjóta í bága við almenningsauðlindalöggjöf Kaliforníu, hluta 4442 eða 4443, nema vélin sé búin neistavara, samkvæmt skilgreiningu í hluta 4442, henni sé haldið í góðu vinnuástandi eða hún hefur verið byggð, útbúin og viðhaldið þannig að komið sé í veg fyrir eldsvoða.

Meðfylgjandi notendahandbók vélarinnar inniheldur upplýsingar um Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (EPA) og útblástursreglugerð Kaliforníu fyrir útblásturskerfi, viðhald þeirra og ábyrgð. Hægt er að panta varahluti hjá framleiðanda vélarinnar.

Ef þessi vinnuvél er búin fjarskiptabúnaði skaltu hafa samband við viðurkenndan Toro dreifingaraðila til að fá leiðbeiningar um að virkja tækið.

**Rafsegulsviðssamhæfisvottun**

**Innanlands:** Þetta tæki uppfyllir 15. hluta reglna FCC. Notkun er háð eftirtöldum tveimur skilyrðum: (1) Þetta tæki má ekki valda skaðlegum truflunum og (2) þetta tæki verður að taka við öllum truflunum, þ.m.t. truflunum sem geta valdið óæskilegri virkni.

**FCC ID: OF7RTS24**

**IC: 3575A-RTS24**

Þessi búnaður hefur verið prófaður og reynst vera í samræmi við takmarkanir fyrir stafrænt tæki í flokki B, samkvæmt 15. hluta FCC reglnanna. Þessum takmörkunum er ætlað að veita hæfilega vernd gegn skaðlegri truflun í íbúðabyggð. Þessi búnaður framleiðir, notar og getur geislað frá sér útvarpsbylgjuorku og, ef hann er ekki settur upp og notaður í samræmi við leiðbeiningarnar, getur hann valdið skaðlegum truflunum á fjarskiptum. Hins vegar er engin trygging fyrir því að truflanir eigi sér ekki stað á tilteknu svæði. Ef þessi búnaður veldur skaðlegum truflunum á útvarps- eða sjónvarpsmóttöku, sem hægt er að ákvarða með því að slökkva og kveikja á búnaðinum, er notandinn hvattur til að reyna að tengja truflunina með einni eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:

- Endurstilla eða færa móttökuloftnetið.
- Auka bilið á milli búnaðarins og móttakarans.
- Tengdu búnaðinn í innstungu á annarri straumrás en móttakarinn er tengdur við.
- Leita aðstoðar hjá söluaðila eða hjá reyndum útvarps-/sjónvarpsvirkja.

**Argentína**

H-31399

**Ástralía**

| **Marokkó** | |
|---|---|
| AGREE PAR L'ANRT MAROC | |
| Numero d'agrement: | MR00003613ANRT2024 |
| Delivre d'agrement: | 22/08/2024 |

**⚠ VIÐVÖRUN**

**KALIFORNÍA**
**Viðvörun, tillaga 65**

**Kaliforníufylki er kunnugt um að útblástur frá dísilvélum og sumir hlutar þeirra geta valdið krabbameini, fæðingargöllum og öðrum æxlunarskaða.**

**Rafgeymaskaut og tengihlutir innihalda blý og blýsambönd, efni sem Kaliforníuríki er kunnugt um að geti valdið krabbameini og æxlunarskaða. Þvoið hendur eftir meðhöndlun.**

# Inngangur

Þessi vinnubíll er aðallega ætlaður til notkunar utan vega við flutning fólks og efnis. Notkun þessarar vöru við annað en tilætlaða notkun getur skapað hættu fyrir stjórnanda og nærstadda.

Lesið þessar upplýsingar vandlega til að læra að stjórna og sinna réttu viðhaldi á vörunni og til að koma í veg fyrir meiðsl og skemmdir á vörunni. Eigandi ber ábyrgð á réttri og öruggri notkun vörunnar.

Á www.Toro.com er að finna kennsluefni tengt öryggi og notkun vörunnar, upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um söluaðila og vöruskráningu.

Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og dreifingaraðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. Mynd 1 sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni. Skrifið númerin í kassann hér á síðunni.

***Mikilvægt:*** **Hægt er nálgast upplýsingar um ábyrgð, varahluti og aðrar vöruupplýsingar með því að skanna QR-kóðann á raðnúmersmerkingunni (ef hann er til staðar) með fartæki.**

**© 2025—The Toro® Company**
**8111 Lyndale Avenue South**
**Bloomington, MN 55420**



**Hafið samband í www.Toro.com.**
**Prentað í Bandaríkjunum**
**Allur réttur áskilinn**




g239545

**Mynd 1**

1. Staðsetning tegundar- og raðnúmera

---

**Tegundarnúmer** _____

**Raðnúmer** _____

Þessi handbók notar 2 orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ undirstrikar almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

Öryggistáknið (Mynd 2) kemur bæði fyrir í þessari handbók og á vinnubílnum og er ætlað að auðkenna mikilvægar öryggisupplýsingar sem taka þarf mið af til að forðast slys. Þetta tákn birtist ásamt orðinu **Hætta**, **Viðvörun** eða **Varúð**.

- **Hætta** gefur til kynna yfirvofandi hættulegar aðstæður sem **valda** dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er komið í veg fyrir þær.
- **Viðvörun** gefur til kynna hugsanlega hættu sem **gæti** valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er komið í veg fyrir hana.
- **Varúð** gefur til kynna hugsanlega hættu sem **getur** valdið minni háttar eða alvarlegri meiðslum ef ekki er komið í veg fyrir hana.

g000502

**Mynd 2**
Öryggistákn

---

# Efnisyfirlit


Öryggi ..... 5
Almennt öryggi ..... 5
Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar ..... 6
Uppsetning ..... 13
1 Uppsetning stýris ..... 13
2 Uppsetning veltigrindar ..... 14
3 Vökvastaða og þrýstingur í hjólbörðum könnuð ..... 14
4 Hemlar slípaðir ..... 14
Yfirlit yfir vöru ..... 15
Stjórntæki ..... 15
Tæknilýsing ..... 21
Tengitæki/aukabúnaður ..... 21
Fyrir notkun ..... 22
Öryggi fyrir notkun ..... 22
Daglegt viðhald ..... 22
Þrýstingur hjólbarða kannaður ..... 23
Áfylling eldsneytis ..... 23
Tilkeyrsla nýs vinnubíls ..... 24
Öryggissamlæsingarkerfið skoðað ..... 24
Meðan á notkun stendur ..... 25
Öryggi við notkun ..... 25
Notkun pallsins ..... 26
Vélin gangsett ..... 27
Fjórhjóladrifið tengt ..... 28
Vinnubílnum ekið ..... 28
Vinnubíllinn stöðvaður ..... 28
Drepið á aflvélinni ..... 28
Notkun driflæsingar ..... 29
Notkun vökvastjórnbúnaðarins ..... 29
Eftir notkun ..... 31
Öryggi eftir notkun ..... 31
Vinnubíllinn fluttur ..... 31
Vinnubíllinn dreginn ..... 32
Dráttur eftirvagns ..... 32
Viðhald ..... 33
Öryggi við viðhaldsvinnu ..... 33
Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir ..... 34
Viðhald vinnubílsins við sérstök vinnuskilyrði ..... 36
Undirbúningur fyrir viðhald ..... 36
Undirbúningur vinnubíls fyrir viðhald ..... 36
Notkun pallstífu ..... 36
Pallurinn tekinn af ..... 37
Pallur settur á ..... 38
Vinnubílnum lyft ..... 39
Vélarhlíf tekin af og sett á ..... 39
Smurning ..... 40
Smurning á legum og fóðringum ..... 40
Viðhald vélar ..... 42
Vélaröryggi ..... 42
Unnið við loftsíuna ..... 42
Smurolíuvinna ..... 43
Viðhald eldsneytiskerfis ..... 45
Viðhaldsvinna við eldsneytisforsíu/vatns-skilju ..... 45
Athugun á eldsneytisleiðslum og tengjum ..... 45
Viðhald rafkerfis ..... 46
Öryggi tengt rafkerfi ..... 46
Unnið við öryggi ..... 46
Vinnubíllinn gangsettur með start-köplum ..... 46
Unnið við rafgeymi ..... 47
Viðhald drifkerfis ..... 48
Athugun á olíuhæð mismunadrifs að framan ..... 48
Skipt um mismunadrifsolíu að framan ..... 48
Athugun á skauthlífum rafalsins ..... 48
Stilling á leiðslum gírskiptingarinnar ..... 49
Stilling leiðslunnar fyrir hátt og lágt hraðasvið ..... 49
Stilling driflæsingarleiðslu ..... 49
Hjólbarðaskoðun ..... 50
Athugun á stillingu framdekkja ..... 50
Hersla felguróa ..... 51
Viðhald kælikerfis ..... 52
Öryggi tengt kælikerfi ..... 52
Athugun á hæð kælivökva vélarinnar ..... 52
Óhreinindi hreinsuð úr kælikerfinu ..... 53
Skipt um kælivökva vélar ..... 53
Viðhald hemla ..... 54
Athugun á hæð hemlavökvans ..... 54
Stöðuhemillinn stilltur ..... 54
Hemlafótstig stillt ..... 55
Viðhald reimar ..... 56
Stilling reimar riðstraumsrafals ..... 56
Viðhald stýrikerfis ..... 57
Stilling kúplingsfótstigs ..... 57
Stilling inngjafarfótstigsins ..... 58
Viðhald vökvakerfis ..... 59
Öryggi tengt vökvakerfi ..... 59
Viðhaldsvinna við sambyggðan gírkassa og drif/vökvakerfi ..... 59
Viðhaldsvinna við vökvakerfi með miklu flæði ..... 61
Pallinum lyft í neyðartilviki ..... 62
Þrif ..... 64
Vinnubíllinn þrifinn ..... 64
Geymsla ..... 65
Öryggi við geymslu ..... 65
Vinnubíllinn settur í geymslu ..... 65
Bilanaleit ..... 66

# Öryggi

## Almennt öryggi

Þessi vara getur valdið meiðslum á fólki. Fylgið alltaf öryggisleiðbeiningum til að koma í veg fyrir meiðsl á fólki.

- Lesið til hlítar efni þessarar *notendahandbókar* áður en vinnubíllinn er tekinn í notkun. Gangið úr skugga um að allir sem nota vinnubílinn kunni að nota hann og skilji viðvaranirnar.
- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnubílnum. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða meiðsla eða eignatjóns.
- Ekki setja hendur eða fætur nærri íhlutum á hreyfingu.
- Ekki nota vinnubílinn án hlífa og annars öryggisbúnaðar á sínum stað á vinnubílnum og í nothæfu ástandi.
- Haldið nærstöddum og börnum utan vinnusvæðisins. Aldrei skal leyfa börnum að vinna á vinnubílnum.
- Stöðvið vinnubílinn, drepið á honum og fjarlægið lykilinn áður en viðhaldi er sinnt eða fyllt er á eldsneyti.

Röng notkun eða viðhald þessarar vinnuvélar getur leitt til meiðsla. Til að draga úr slysahættu skal fara eftir þessum öryggisleiðbeiningum og vera ávallt vakandi fyrir öryggistákninu ⚠, sem merkir „Aðgát“, „Viðvörun“ eða „Hætta“ – öryggisleiðbeiningar. Ef ekki er farið eftir þessum leiðbeiningum er hætta á meiðslum á fólki eða dauða.

# Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar

Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hætta er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.

decalbatterysymbols

**Tákn á rafgeymi**

Sum eða öll þessara tákna eru á rafgeyminum.

1. Sprengihætta
2. Eldur, óvarinn logi eða reykingar bannaðar
3. Hætta á brunasárum vegna ætandi vökva/efna
4. Notið hlífðargleraugu.
5. Lesið *notendahandbókina*.
6. Haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð frá rafgeyminum.
7. Notið hlífðargleraugu; sprengifimar lofttegundir geta valdið blindu eða öðrum meiðslum.
8. Rafgeymissýra getur valdið blindu eða alvarlegum brunasárum.
9. Skolið augu tafarlaust með vatni og leitið læknishjálpar svo fljótt sem auðið er.
10. Inniheldur blý; fargið ekki




decal93-9850

**93-9850**

1. Ekki gera við eða endurskoða – lesið *notendahandbókina.*

decal93-9852

**93-9852**

1. Viðvörun – lesið *notendahandbókina.*
2. Hætta á að kremjast – setjið lás á tjakkinn.




decal93-9868

**93–9868**

1. Hætta á að kremja hendur – lesið *notendahandbókina*.




decal93-9879

**93-9879**

1. Hætta vegna uppsafnaðrar orku – lesið *notendahandbókina.*

decal93-9899

**93-9899**

1. Hætta á að kremjast – setjið lás á tjakkinn.




decal105-4215

**105-4215**

1. Viðvörun – haldið öruggri fjarlægð frá stöðum sem hægt er að klemma sig á.




decal106-2355

**106-2355**

1. Hægt
2. Hratt
3. Gírskipting – þriðja háa drif; engin hröð stilling




decal106-2377

**106-2377**

1. Læst
2. Driflæsing
3. Ólæst
4. Vökvalæsing
5. Tengt
6. Aflúttak
7. Taka úr gír
8. Viðvörun – lesið *notendahandbókina.*
9. Hætta á að flækjast, drifskaft – haldið óviðkomandi utan vinnusvæðis.
10. Inndráttur – vökvakerfi
11. Lenging – vökvakerfi
12. Gírskipting – hátt drif
13. Gírskipting – lágt drif
14. Stöðuhemill




decal106-6755

**106-6755**

1. Kælivökvi vélar undir þrýstingi.
2. Sprengihætta – lesið *notendahandbókina.*
3. Viðvörun – snertið ekki heita flötinn.
4. Viðvörun – lesið *notendahandbókina.*

decal106-7767

**106-7767**

1. Viðvörun – lesið *notendahandbókina*; forðist að velta vinnubílnum; notið sætisbeltið; hallið í burtu frá þeirri átt sem vinnubíllinn er að velta í.




decal115-2047

**115-2047**

1. Viðvörun – snertið ekki heita flötinn.




decal115-2282

**115-2282**

1. Viðvörun – lesið *notendahandbókina*.
2. Viðvörun – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu; tryggið að hlífar séu á sínum stað.
3. Hætta á að kremjast – haldið óviðkomandi utan vinnusvæðisins; ekki taka farþega á pallinn; haldið handleggjum og fótleggjum innan bílsins öllum stundum; notið sætisbelti og handföng.




decal115-7723

**115-7723**

1. Viðvörun – þrýstingur á vökvakerfi er 124 bör (1800 psi).
2. Tengi A
3. Tengi B




decal115-7739

**115-7739**

1. Fall, hætta á að kremjast – ekki taka farþega.




decal115-7741

**115-7741**

1. Lesið *notendahandbókina* áður en unnið er við gírolíuna.




decal115-7814

**115-7814**




decal121-6286

**121-6286**

1. Kannið hæð kælivökva daglega áður en vinna hefst á vinnubílnum. Lesið *notendahandbókina* áður en hæð kælivökva er könnuð.
2. Ekki opna eða fylla á kælivökva í vatnskassanum; við það kemst loft inn í kerfið með meðfylgjandi vélarskemmdum. Eingöngu er fyllt á kælivökva vélarinnar í geyminn.




decal121-6287

**121-6287**

1. Fyllið geyminn með kælivökva vélar þar til hann nær að neðri brún áfyllingarstútsins.




decal121-9776

**121-9776**

1. Viðvörun – lesið *notendahandbókina* og fáið viðeigandi þjálfun áður en unnið er á vinnubílnum.
2. Viðvörun – notið heyrnarhlífar.
3. Eldhætta – drepið á vélinni áður en fyllt er á eldsneyti vinnubílsins.
4. Viðvörun – setjið stöðuhemilinn á, drepið á vélinni og takið lykilinn úr svissinum áður en vinnubíllinn er yfirgefinn.
5. Hætta á veltu – beygið rólega; akið rólega þegar ekið er upp eða þvert á mikinn halla, ekki hraðar en 32 km/klst.; akið hægt með farm eða þegar ekið er á ójöfnu undirlagi.




decal136-1163

**136-1163**

1. Hámarksþyngd farms er 1591 kg.
2. Hámarksþyngd á krók er 273 kg.




decal137-9896

**137-9896**

1. Fjórhjóladrifshnappur




decal139-3341

**139-3341**

1. Geymir
2. Viðvörun – þrýstingur á vökvakerfi er 138 bör (2000 psi).
3. Þrýstingur




decal145-2276

**145-2276**

1. Drepa á vél
2. Keyra vél
3. Gangsetja vél

decal145-2282

**145-2282**

1. Innstunga

---




decal145-2286

**145-2286**

1. Rafmagnstengi (10 A)
2. Skiptistraumur (10 A)
3. Eldsneytisdæla, eftirlitsrofi (10 A)
4. Flauta, rafmagn (15 A)
5. Ljós, hemlar (15 A)
6. Hættuljós (10 A)
7. Fjórhjóladrif, gírskipting (10 A)

---

# Uppsetning

## Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

| Verklag | Lýsing | Magn | Notkun |
|---|---|---|---|
| 1 | Stýri | 1 | Setja stýrið upp (eingöngu TC-gerðir). |
| 2 | Veltigrind<br>Kragabolti (½ x 1¼ to.) | 1<br>6 | Setja upp veltigrindina. |
| 3 | Engir hlutar nauðsynlegir | – | Kanna vökvastöðu og þrýsting í hjólbörðum. |
| 4 | Engir hlutar nauðsynlegir | – | Slípa hemlana. |

**Ath.:** Miðið vinstri og hægri hlið vinnubílsins út frá hefðbundinni vinnustöðu.

1

# Uppsetning stýris

## Eingöngu TC-gerðir

**Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:**

| | |
|---|---|
| 1 | Stýri |

## Verklag

1. Losið flipana aftan á stýrinu sem halda miðjulokinu og takið það af nöf stýrisins.
2. Fjarlægið lásróna og skinnuna af stýrisskaftinu.
3. Rennið stýrinu og skinnu á skaftið.

   **Ath.:** Stillið stýrið af á skaftinu þannig að þverbitinn liggi lárétt þegar hjólbarðarnir vísa beint fram og þykki armur stýrisins vísar niður.

   **Ath.:** Rykhlífin er sett á stýrið í verksmiðjunni.
4. Festið stýrið á skaftið með lásrónni og herðið hana í 24 til 29 N·m eins og sýnt er á Mynd 3.
5. Stillið flipa loksins af við raufarnar á stýrinu og smellið því á nöf stýrisins (Mynd 3).




g008397

**Mynd 3**

1. Stýrisskaft
2. Rykhlíf
3. Stýri
4. Fliparaufar á stýri
5. Skinna
6. Lásró
7. Lok
8. Flipar á loki

# 2

# Uppsetning veltigrindar

**Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:**

| | |
|---|---|
| 1 | Veltigrind |
| 6 | Kragabolti (½ x 1¼ to.) |

## Verklag

1. Berið miðlungssterkt gengjulím (hægt að losa) á gengjur sex kragabolta (½ x 1¼ to.).
2. Stillið báðar hliðar veltigrindarinnar af við festigötin hvoru megin á grind vinnubílsins (Mynd 4).




**Mynd 4**

1. Veltigrindarfesting
2. Kragabolti (½ x 1¼ to.)

3. Festið veltigrindarfestinguna við grind vinnubílsins með þremur kragaboltum (½ x 1¼ to.) á hvorri hlið (Mynd 4).
4. Herðið kragaboltana (½ x 1¼ to.) í 115 N·m.

# 3

# Vökvastaða og þrýstingur í hjólbörðum könnuð

**Engir hlutar nauðsynlegir**

## Verklag

1. Kannið stöðu smurolíu áður en og eftir að vélin er gangsett í fyrsta skipti, sjá Smurolíuhæð könnuð (síða 43).
2. Kannið stöðu glussa í sambyggðum gírkassa og drifi/vökvakerfi áður en vélin er gangsett í fyrsta skipti; sjá Athugun á hæð vökva sambyggða gírkassans og drifsins/glussans (síða 59).
3. Kannið stöðu hemlavökva áður en vélin er gangsett í fyrsta skipti; sjá Athugun á hæð hemlavökvans (síða 54).
4. Kannið loftþrýsting í hjólbörðum; sjá Þrýstingur hjólbarða kannaður (síða 23).

# 4

# Hemlar slípaðir

**Engir hlutar nauðsynlegir**

## Verklag

Slípið hemlana fyrir notkun til að tryggja hámarksvirkni hemlakerfisins.

1. Akið vinnubílnum eins hratt og hægt er og hemlið svo hratt án þess að læsa hemlunum.
2. Endurtakið þetta tíu sinnum, með einnar mínútu hléum, til að koma í veg fyrir að hemlarnir ofhitni.

   ***Mikilvægt:*** **Þetta ferli skilar bestum árangri ef vinnubíllinn ber 454 kg farm.**

# Yfirlit yfir vöru

## Stjórntæki

Lærið á stjórntækin áður en vélin er gangsett og unnið er á vinnubílnum.

### Stjórnborð




**Mynd 5**

1. Flauturofi
2. Ljósarofi
3. Fjórhjóladrifsrofi (eingöngu gerðir með fjórhjóladrifi)
4. Rofi vökvakerfis með miklu streymi (eingöngu TC-gerðir)
5. Skjámynd
6. Innstunga
7. Sviss
8. Umsjónarrofi

## Skjámynd




**Mynd 6**

1. Eldsneytismælir
2. Snúningshraðamælir/vélarhraði (sn./mín.)
3. Hraðamælir (km/klst eða míl./klst.)
4. Mælir og ljós fyrir hitastig kælivökva
5. Vísir fyrir glóðarkerti (eingöngu dísil vinnuvélar)
6. Vísir fyrir athugun vélar
7. Hnappur fyrir staðsetningarbreytingu snúningshraðamælis-hraðamælis/breytingarhnappur hraðamælis
8. Vinnustundamælir
9. Viðvörunarljós fyrir olíuþrýsting
10. Hleðsluljós

## Inngjafarfótstig

Notið inngjafarfótstigið (Mynd 7) til að stjórna akstursþraða vinnubílsins þegar hann er í gír. Þegar stigið er á inngjafarfótstigið aukast snúningshraði vélarinnar og akstursþraðinn. Þegar inngjafarfótstiginu er sleppt dregur úr snúningshraða vélarinnar og akstursþraðanum.




**Mynd 7**

1. Kúplingsfótstig
2. Hemlafótstig
3. Inngjafarfótstig

## Kúplingsfótstig

Stíga þarf kúplingsfótstigið (Mynd 7) alveg niður til að aftengja tengslin þegar vélin er gangsett eða skipt er um gír. Sleppið fótstiginu rólega með gírskiptinguna í gír til að koma í veg fyrir óþarfa slit á gírskiptingunni og tengdum íhlutum.

***Mikilvægt:*** **Ekki halda fæti á kúplingsfótstiginu við akstur. Kúplingsfótstigið þarf að vera alveg uppi. Að öðrum kosti snuðar kúplingin og veldur óþarfa hitamyndun og sliti. Aldrei halda vinnubílnum kyrrum í halla með kúplingsfótstiginu. Slíkt getur skemmt kúplinguna.**

## Hemlafótstig

Notið hemlafótstigið til að stöðva eða hægja á vinnubílnum (Mynd 7).

**⚠ VARÚÐ**

**Hætta er á að meiðslum á fólki ef unnið er á vinnubílnum með slitna eða rangt stillta hemla.**

**Ef hægt er að stíga hemlafótstigið neðar en 25 mm frá gólfi vinnubílsins þarf að stilla eða gera við hemlana.**

## Gírstöng

Stígið kúplingsfótstigið alveg niður og færið gírstöngina (Mynd 8) í æskilegan gír. Gírskiptimynstrið er sýnt hér að neðan.




g009160

**Mynd 8**

***Mikilvægt:*** **Vinnubíllinn þarf að vera kyrrstæður þegar sambyggður gírkassi og drif er settur í BAKKGÍR eða FRAMGÍR; annars er hætta á skemmdum á sambyggðum gírkassa og drifi.**

**⚠ VARÚÐ**

**Ef skipt er niður um gír á of miklum hraða er hætta á að afturdekkin missi grip og vinnubíllinn verði stjórnlaus, auk þess sem hætta er á að skemmdum á kúplingu og/eða gírskiptingu.**

**Skiptið mjúklega til að koma í veg fyrir tannhjólin snuði.**

## Driflæsing

Driflæsingin (Mynd 9) býður upp á læsingu afturöxulsins til að auka grip. Hægt er að setja driflæsinguna á meðan vinnubíllinn er á ferð.

Færið stöngina fram og til hægri til að setja driflæsinguna á.

**Ath.:** Vinnubíllinn þarf að vera á ferð og í dálítilli beygju til að hægt sé að setja driflæsinguna á og taka hana af.

**⚠ VARÚÐ**

**Beygja með driflæsinguna á getur valdið stjórnmissi.**

**Ekki vinna með driflæsinguna á ef taka þarf krappar beygjur eða aka hratt; sjá Stilling driflæsingarleiðslu (síða 49).**




g350294

**Mynd 9**

1. Stöðuhemilsstöng
2. Vökvaknúin palllyfta
3. Vökvalyftulæsing
4. Driflæsing
5. Stöng fyrir hátt og lágt drif
6. Fjórhjóladrifshnappur (eingöngu gerðir með fjórhjóladrifi)
7. Gírstöng

## Stöðuhemilsstöng

Setjið alltaf stöðuhemilinn (Mynd 9) á þegar drepið er á vélinni til að koma í veg fyrir að vinnubíllinn hreyfist úr stað fyrir slysni.

- Togið stöðuhemilsstöngina aftur til að setja stöðuhemilinn á.
- Ýtið stöðuhemilsstönginni fram til að taka stöðuhemilinn af.

  **Ath.:** Takið stöðuhemilinn af áður en vinnubílnum er ekið af stað.

Ef vinnubílnum er lagt í miklum halla þarf að setja stöðuhemilinn á, setja í FYRSTA GÍR, ef bíllinn vísar upp í hallann, eða BAKKGÍR, ef bíllinn vísar niður í hallann, og setja skorður aftan við dekkin sem standa neðar.

## Stöng vökvalyftu

Vökvalyftan stjórnar lyftu og sigi pallsins. Færið hana aftur til að hækka pallinn og fram til að láta hann síga (Mynd 9).

***Mikilvægt:*** **Þegar pallurinn er látinn síga er stönginni haldið í framstöðu í eina til tvær sekúndur eftir að pallurinn snertir grindina til að festa hann í neðstu stöðu. Ekki halda vökvalyftunni í stöðu til að hækka eða síga lengur en fimm sekúndur í senn eftir að tjakkurinn hefur náð endastöðu.**

## Vökvalyftulæsing

Vökvalyftulæsingin læsir lyftistönginni til að ekki sé hægt að nota vökvatjakkana þegar enginn pallur er á vinnubílnum (Mynd 9). Hún læsir einnig lyftistönginni í VIRKRI stöðu þegar vökvakerfið er notað fyrir tengitæki.

## Stöng fyrir hátt og lágt drif

Stöngin fyrir háa og lága drifið býður upp á nákvæma hraðastjórnun með þremur hraðasviðum (Mynd 9):

- Stöðva þarf vinnubílinn áður en skipt er í HÁTT eða LÁGT drif.
- Eingöngu skal skipta á milli drifa á jafnsléttu.
- Stígið kúplingsfótstigið alveg niður.
- Færið stöngina alveg fram til að setja í HÁA drifið og alveg aftur á bak til að setja í LÁGA drifið.

**HÁTT drif** – Fyrir hraðari akstur á sléttu og þurru undirlagi með léttan farm.

**LÁGT drif** – Fyrir hægari akstur. Notið þetta drif þegar þörf er fyrir aukið afl eða stjórn. Til dæmis þegar ekið er upp mikinn halla, yfir erfitt undirlag, með þungan farm eða þegar aka þarf hægt en snúningshraði vélarinnar þarf að vera mikill (úðun).

***Mikilvægt:*** **Þegar stöngin er mitt á milli HÁA drifsins og LÁGA drifsins er sambyggður gírkassi og drif í hvorugu drifinu. Ekki nota þessa stöðu sem HLUTLAUSA stöðu vegna þess að vinnubíllinn getur tekið óvænt af stað ef einhver rekst í stöngina fyrir hátt og lágt drif og gírstöngin er í gír.**

## Fjórhjóladrifshnappur

**Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir**

Fjórhjóladrifið er virkjað handvirkt með því að halda fjórhjóladrifshnappinum (Mynd 9) á miðstokknum inni á meðan vinnubíllinn er á ferð.

## Sviss

Notið svissinn (Mynd 5) til að gangsetja og drepa á vélinni.

Svissinn býður upp á þrjár stöður: DREPA Á, GANGUR og GANGSETJA. Snúið lyklinum réttsælis á GANGSETNINGARSTÖÐU til að virkja startarann. Sleppið lyklinum þegar vélin fer í gang. Svissinn fer sjálfkrafa á GANGSTÖÐU.

Drepið er á vélinni með því að snúa lyklinum rangsælis á stöðu til að DREPA Á.

## Umsjónarrofi

Færðu umsjónarrofann (Mynd 5) í stöðuna HÆGT og fjarlægðu lykilinn. Umsjónarrofinn takmarkar snúningshraða vélarinnar við 2.200 sn./mín. þegar vinnuvélin er í þriðja gír á HÁTT sviðinu, sem takmarkar hámarkshraðann við 21 km/klst. (13 míl./klst.).

## Vinnustundamælir

Vinnustundamælirinn (Mynd 6) gefur til kynna heildar notkunartíma vinnuvélarinnar.

Tímamælirinn byrjar að virka í hvert skipti sem þú snýrð svissinum í stöðuna KVEIKT og snúningshraði vélarinnar (sn./mín.) er yfir 500 sn./mín. á 6 mínútna fresti.

## Lásrofi fyrir þriðja háa

Færið lásrofa fyrir þriðja háa (Mynd 5) í HÆGA stöðu og takið lykilinn úr til að koma í veg fyrir að hægt sé að nota þriðja gírinn í HÁA drifinu. Vélin drepur á sér ef gírstöngin er sett í þriðja gír í HÁA drifinu.

**Ath.:** Hægt er að taka lykilinn úr í báðum stöðum.

## Ljósarofi

Ýtið á ljósarofann (Mynd 5) til að kveikja og slökkva á aðalljósunum.

## Viðvörunarljós fyrir olíuþrýsting

Viðvörunarljós fyrir olíuþrýsting (Mynd 6) kviknar ef smurolíuþrýstingurinn fellur niður fyrir öryggismörk þegar vélin er í gangi.

***Mikilvægt:*** **Ef ljósið blikkar eða logar skal stöðva vinnubílinn, drepa á vélinni og kanna olíuhæðina. Ef staða smurolíu er lág en ljósið slokknar ekki þegar vélin er gangsett eftir að fyllt er á smurolíuna skal tafarlaust drepa á vélinni og leita aðstoðar hjá viðurkenndum sölu- og þjónustuaðila Toro.**

Kannið virkni viðvörunarljósa á eftirfarandi máta:

1. Setjið stöðuhemilinn á.
2. Snúið svisslyklinum á GANGSTÖÐU/FORHITUN en ekki gangsetja vélina.

   **Ath.:** Olíuþrýstingsljósið ætti að lýsa rautt. Ef ljósið virkar ekki er peran sprungin eða bilun til staðar í kerfinu sem gera þarf við.

   **Ath.:** Ef nýbúið er að drepa á vélinni getur það tekið um eina til tvær mínútur að kvikna á ljósinu.

## Kertaljós

Kertaljósið (Mynd 6) lýsir rautt þegar kertin eru virk.

***Mikilvægt:*** **Kertaljósið kviknar í 15 sekúndur í viðbót þegar svissinum er snúið aftur á GANGSETNINGARSTÖÐU.**

## Mælir og ljós fyrir hitastig kælivökva

Hitamælir kælivökva og ljósið skrá hitastig kælivökva í vélinni og virkar aðeins þegar svissinn er í KVEIKT stöðu (Mynd 6).

Kælivökvastrikin 5 blikka ef vélin ofhitnar.

## Hleðsluljós

Hleðsluljósið kviknar þegar rafgeymirinn tæmist. Ef ljósið kviknar þegar verið er að nota vinnubílinn skal stöðva hann, drepa á vélinni og leita eftir mögulegum orsökum, t.d. riðstraumsrafalsreim (Mynd 6).

***Mikilvægt:*** **Ef riðstraumsrafalsreimin er laus eða skemmd skal ekki nota vinnubílinn fyrr enn búið er að stilla eða laga reimina. Hætta er á að vélin skemmist ef þessum tilmælum er ekki fylgt.**

Kannið virkni viðvörunarljósa á eftirfarandi máta:

- Setjið stöðuhemilinn á.
- Snúið svisslyklinum á GANGSTÖÐU/FORHITUN en ekki gangsetja vélina. Gaumljós fyrir hitastig kælivökva, hleðslu og olíuþrýsting eiga öll að loga. Ef ljós virkar ekki er peran sprungin eða bilun til staðar í kerfinu sem gera þarf við.

## Eldsneytismælir

Eldsneytismælirinn sýnir hversu mikið eldsneyti er í geyminum. Hann birtist aðeins þegar sviss er í KVEIKT stöðu (Mynd 6).

Eitt strik gefur til kynna lágt eldsneytisstig og 1 blikkandi strik gefur til kynna að eldsneytisgeymirinn sé næstum tómur.

## Fjórhjóladrifsrofi

**Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir**

Þegar fjórhjóladrifsrofinn (Mynd 5) er í virkri stöðu er fjórhjóladrif vinnubílsins sjálfkrafa tengt þegar skynjarinn greinir spól í afturdekkjunum. Ljós fjórhjóladrifsrofans kviknar þegar fjórhjóladrifið er tengt.

Fjórhjóladrifið virkar eingöngu þegar ekið er áfram í SJÁLFVIRKRI stillingu. Ef nota á fjórhjóladrifið í BAKKGÍR þarf að ýta á fjórhjóladrifshnappinn.

## Rofi vökvakerfis með miklu streymi

**Eingöngu TC-gerðir**

Snúið rofanum til að virkja vökvakerfi með miklu streymi (Mynd 5).

## Flauturofi

Flauturofinn er á stjórnborðinu (Mynd 5). Ýtið á flauturofann til að flauta.

## Snúningshraðamælir

Snúningshraðamælirinn birtir hraða vélarinnar (Mynd 6).

**Ath.:** 3.300 sn./mín. er æskilegur snúningshraði vélarinnar fyrir 540 sn./mín. aflúttaksaðgerð.

## Hraðamælir

Hraðamælirinn skráir ökuhraða vinnuvélarinnar (Mynd 6).

## Hnappur fyrir staðsetningarbreytingu snúningshraðamælis-hraðamælis/breytingarhnappur hraðamælis

Ýttu á, haltu inni og slepptu hnappinum (Mynd 6) í 0 til 3 sekúndur til að skipta um staðsetningar snúningshraðamælis og hraðamælis.

Ýttu á, haltu inni og slepptu hnappinum (Mynd 6) í 3 til 10 sekúndur til að breyta hraðamælinum úr míl./klst. í km/klst.

## Innstunga

Notið innstunguna (Mynd 5) fyrir 12 volta rafmagnsaukabúnað.

# Handfang fyrir farþega

Handfang fyrir farþega er á mælaborðinu (Mynd 10).




**Mynd 10**

1. Handfang fyrir farþega
2. Geymsluhólf

# Stillistöng sætis

Hægt er að stilla stöðu sætisins fram og aftur (Mynd 11).




**Mynd 11**

1. Stillistöng sætis

# Tæknilýsing

**Ath.:** Tæknilýsingar og hönnun geta breyst án fyrirvara.

| | |
|---|---|
| Heildarbreidd | 160 cm |
| Heildarlengd | Án palls: 326 cm<br>Með heilum palli: 331 cm<br>Með ⅔ pall í aftari stöðu: 346 cm |
| Grunnþyngd (þurr) | Gerð 07385: 887 kg<br>Gerð 07385TC: 924 kg<br>Gerð 07387: 914 kg<br>Gerð 07387TC: 951 kg |
| Uppgefin afkastageta (með 91 kg stjórnanda, 91 kg farþega og tengitæki) | Gerð 07385: 1471 kg<br>Gerð 07385TC: 1435 kg<br>Gerð 07387: 1445 kg<br>Gerð 07387TC: 1408 kg |
| Hámarksheildarþyngd bíls | 2359 kg |
| Dráttargeta | Þyngd á krók: 272 kg<br>Hámarksþyngd eftirvagns: 1587 kg |
| Fríbil frá jörðu | 18 cm án farms |
| Hjólhaf | 118 cm |
| Sporvídd (miðlína að miðlínu) | Að framan: 117 cm<br>Að aftan: 121 cm |
| Hæð | 191 cm frá efsta hluta veltigrindar |

## Tengitæki/aukabúnaður

Úrval tengitækja og aukabúnaðar sem Toro samþykkir er í boði fyrir vinnuvélina til að auka við afkastagetu hennar. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða dreifingaraðila Toro eða farið á www.Toro.com þar sem finna má lista yfir öll samþykkt tengitæki og aukabúnað.

Notið eingöngu varahluti og aukabúnað frá Toro til að tryggja hámarksafköst og áframhaldandi öryggisvottun vinnuvélarinnar. Varahlutir og aukabúnaður frá öðrum framleiðendum geta reynst hættulegir og notkun þeirra kann að fella ábyrgðina úr gildi.

# Notkun

## *Fyrir notkun*

## Öryggi fyrir notkun

### Almennt öryggi

- Aldrei leyfa börnum eða fólki, sem ekki hefur til þess þjálfun eða líkamlega getu, að vinna á eða við vinnubílinn. Gildandi reglur á hverjum stað kunna að setja takmörk við aldur stjórnanda. Eigandinn ber ábyrgð á að þjálfa stjórnendur og vélvirkja.
- Kynnið ykkur örugga notkun búnaðarins, stjórntækjanna og öryggismerkinganna.
- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr ökumannssætinu. Leyfið vinnubílnum að kólna áður en hann er stilltur, þjónustaður, þrifinn eða settur í geymslu.
- Lærið að stöðva vinnubílinn og drepa á honum á skjótan máta.
- Tryggið að farþegar (stjórnandi og farþegi) séu ekki fleiri en handföngin á vinnubílnum.
- Gangið úr skugga um að allur öryggisbúnaður og merkingar séu á sínum stað. Gerið við eða skiptið um öryggisbúnað og setjið nýjar merkingar í stað þeirra sem eru ólæsilegar eða vantar. Ekki nota vinnubílinn ef þessir hlutir eru ekki til staðar eða virka ekki rétt.

### Öryggi í kringum eldsneyti

- Gætið ýtrustu varúðar við meðhöndlun eldsneytis. Það er mjög eldfimt og eldsneytisgufur eru sprengifimar.
- Drepið í sígarettum, vindlum, pípum og öðrum kveikjuvöldum.
- Notið eingöngu samþykkt eldsneytisílát.
- Ekki fjarlægja eldsneytislokið eða fylla á eldsneytisgeyminn með vélina í gangi eða á meðan hún er heit.
- Fyllið hvorki á né tappið af eldsneyti í lokuðu rými.
- Geymið ekki vinnubílinn eða eldsneytisílát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.
- Ef eldsneyti hellist niður skal ekki reyna að gangsetja vélina og forðast að kveikja minnsta neista þar til eldsneytisgufurnar hafa dreifst.

## Daglegt viðhald

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega

Fara skal í gegnum ferli fyrir hverja notkun/daglegt ferli sem lýst er í Viðhald (síða 33) áður en unnið er á vinnubílnum í upphafi hvers dags.

# Þrýstingur hjólbarða kannaður

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega

**Forskrift loftþrýstings í hjólbörðum framdekkja:** 220 kPa (32 psi)

**Forskrift loftþrýstings í hjólbörðum afturdekkja:** 124 kPa (18 psi)

***Mikilvægt:*** **Kannið oft þrýsting í hjólbörðum til að tryggja réttan loftþrýsting. Ef loftþrýstingur í hjólbörðum er ekki réttur slitna þeir hraðar og hætta er á að bíllinn sé fastur í fjórhjóladrifinu.**

Mynd 12 sýnir dæmi um slit hjólbarða vegna of lítils loftþrýstings.




g010294

**Mynd 12**

1. Of lítill loftþrýstingur í hjólbarða

Mynd 13 sýnir dæmi um slit hjólbarða vegna of mikils loftþrýstings.




g010293

**Mynd 13**

1. Of mikill loftþrýstingur í hjólbarða

# Áfylling eldsneytis

Notið aðeins hreint og ferskt dísileldsneyti eða lífdísileldsneyti með litlu (<500 ppm) eða mjög litlu (<15 ppm) brennisteinsinnihaldi. Lágmarkssetantala er 40. Kaupið eldsneyti í magni sem hægt er að nota innan 180 daga til að tryggja að eldsneytið sé ferskt.

- Notið dísileldsneyti til sumarnotkunar (nr. 2-D) við hitastig yfir -7 °C og eldsneyti til vetrarnotkunar (nr. 1-D eða nr. 1-D/2-D blöndu) undir því hitastigi.
- Notkun eldsneytis til vetrarnotkunar býður upp á lægra blossamark og streymiseiginleika fyrir kalt veður og auðveldar þannig gangsetningu og dregur úr hættum á stíflum í eldsneytissíu.

**Ath.:** Notkun eldsneytis til sumarnotkunar fyrir hitastig yfir -7 °C tryggir lengri endingu eldsneytisdælunnar og aukið afl samanborið við eldsneyti til vetrarnotkunar.

***Mikilvægt:*** **Notið ekki steinolíu eða bensín í stað dísileldsneytis. Hætta er á að vélin skemmist ef þessum tilmælum er ekki fylgt.**

## Notkun lífdísileldsneytis

Þessi vinnubíll getur einnig notað lífdísilblandað eldsneyti, upp að B20 (20% lífdísill, 80% dísilolía). Dísilolíuhlutinn ætti að vera með litlu eða mjög litlu brennisteinsinnihaldi. Fylgja skal eftirfarandi varúðarráðstöfunum:

- Lífdísilhluti eldsneytisins þarf að uppfylla forskrift ASTM D6751 eða EN14214.
- Blandaða eldsneytið ætti að uppfylla ASTM D975 eða EN590.
- Lífdísilblöndur geta skemmt lakkaða fleti.
- Notið B5 (með 5% lífdísil) eða veikari blöndur í köldu veðri.
- Fylgist með þéttum, slöngum og pakkningum sem eru í snertingu við eldsneyti þar sem þessi íhlutir geta brotnað niður með tímanum.
- Búast má við fyrir stíflum í eldsneytissíu endrum og eins eftir að skipt er yfir í lífdísilblöndur.
- Frekari upplýsingar um lífdísil fást hjá dreifingaraðila.

## Áfylling á eldsneytisgeyminn

**Rúmtak eldsneytisgeymis:** 22 l.

1. Hreinsið svæðið í kringum eldsneytislokið.
2. Skrúfið eldsneytislokið af (Mynd 14).




**Mynd 14**

1. Eldsneytislok

3. Fyllið á geyminn þar til eldsneytið er nánast við efsta hluta geymisins (við neðri brún áfyllingarstútsins) og skrúfið svo lokið á.

   **Ath.: Ekki yfirfylla eldsneytisgeyminn.**

4. Þurrkið upp eldsneyti sem hellist niður til að koma í veg fyrir eldhættu.

# Tilkeyrsla nýs vinnubíls

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 100 klukkustundirnar—Fylgið leiðbeiningum um tilkeyrslu nýs vinnubíls.

Framkvæmið eftirfarandi til að tryggja rétt afköst vinnubílsins:

- Tryggið að hemlarnir séu slípaðir; sjá 4 Hemlar slípaðir (síða 14).
- Kannið glussa- og smurolíuhæð með reglulegu millibili. Verið vakandi fyrir merkjum um að vinnubíllinn eða íhlutir hans séu að ofhitna.
- Eftir að köld vél er gangsett skal gefa henni um 15 sekúndur til að hitna áður en byrjað er að vinna á vinnubílnum.

  **Ath.:** Gefið vélinni lengri tíma til að hitna þegar kalt er í veðri.
- Akið vinnubílnum á breytilegum hraða við notkun. Forðist að taka hratt af stað og stöðva snögglega.
- Ekki þarf að nota tilkeyrsluolíu á vinnubílinn. Upprunaleg smurolía er sömu gerðar og tilgreind er fyrir regluleg olíuskipti.
- Upplýsingar um sérstakar, tíðar skoðanir eru í Viðhald (síða 33).

# Öryggissamlæsingarkerfið skoðað

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega

Tilgangur öryggissamlæsingarkerfisins er að koma í veg fyrir að vélin sé gangsett nema búið sé að stíga á kúplingsfótstigið.

**⚠ VARÚÐ**

**Ef rofar öryggissamlæsingarinnar eru aftengdir eða skemmdir kann vinnubíllinn að fara óvænt af stað og það veldur hættu á meiðslum á fólki.**

- **Ekki eiga við öryggissamlæsingarrofana.**
- **Kannið virkni öryggissamlæsingarrofanna daglega og skiptið um skemmda rofa áður en unnið er á vinnubílnum.**

**Ath.:** Upplýsingar um skoðun samlæsingarkerfis fyrir tengitæki eru í *notendahandbókinni*.

## Prófun samlæsingarrofa kúplingar

1. Sitjið í sæti stjórnanda og setjið stöðuhemilinn á.
2. Færið gírstöngina í HLUTLAUSAN GÍR.

   **Ath.:** Vélin fer ekki í gang ef stöng vökvalyftu er læst í framstöðu.
3. Snúið svisslyklinum í GANGSETNINGARSTÖÐU án þess að stíga á kúplingsfótstigið.

   **Ath.:** Ef gangsetning vélar hefst hefur komið upp bilun í samlæsingarkerfinu sem gera þarf við áður en vinnubíllinn er notaður.

## Prófun öryggissamlæsingarrofa stangar vökvalyftu

1. Sitjið í sæti stjórnanda og setjið stöðuhemilinn á.
2. Færið gírstöngina í HLUTLAUSAN GÍR og tryggið að stöng vökvalyftu sé í miðstöðu.
3. Stígið kúplingsfótstigið niður.
4. Færið stöng vökvalyftunnar fram og snúið svisslyklinum á GANGSETNINGARSTÖÐU.

   **Ath.:** Ef gangsetning vélar hefst hefur komið upp bilun í samlæsingarkerfinu sem gera þarf við áður en vinnubíllinn er notaður.

# *Meðan á notkun stendur*

# Öryggi við notkun

## Almennt öryggi

- Eigandinn/stjórnandinn getur komið í veg fyrir og ber ábyrgð á slysum sem geta valdið meiðslum á fólki eða eignatjóni.
- Farþegar mega eingöngu sitja í þar til ætluðu sæti. Flytjið ekki farþega á pallinum. Haldið nærstöddum og börnum utan vinnusvæðisins.
- Klæðist viðeigandi klæðnaði, þar á meðal hlífðargleraugum, síðbuxum, sterkum skófatnaði með skrikvörn og heyrnarhlífum. Takið sítt hár í tagl og ekki klæðast víðum fatnaði eða hangandi skartgripum.
- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnuvélinni. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða meiðsla eða eignatjóns.
- Notið ekki vinnubílinn veik, þreytt eða undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
- Notið vinnubílinn eingöngu utandyra eða á vel loftræstu svæði.
- Ekki fara yfir hámarksheildarþyngd vinnubílsins.
- Sýnið sérstaka aðgát við að hemla eða beygja með þungan farm á pallinum.
- Mjög fyrirferðarmikill farmur á pallinum dregur úr stöðugleika vinnubílsins. Ekki fara umfram burðargetu pallsins.
- Akstur með efni sem ekki er hægt binda niður hefur neikvæð áhrif á stýringu, hemla og stöðugleika vinnubílsins. Sýnið aðgát við stýringu og hemlun þegar ekið er með efni sem ekki er hægt að binda niður.
- Akið með léttari farm og á minni hraða þegar ekið er yfir gróft og ójafnt undirlag og nærri köntum, holum og öðrum miklum breytingum á undirlagi. Farmur getur hreyfst til og valdið því að vinnubíllinn verður óstöðugur.
- Áður en vinnubíllinn er gangsettur þarf að tryggja að gírskiptingin sé í hlutlausum gír, stöðuhemillinn sé á og að stjórnandinn sitji í sætinu.
- Stjórnandi og farþegar skulu sitja í sæti sínu þegar vinnubíllinn er á ferð. Haldið höndum á stýri; farþegar skulu nota þar til gerð handföng. Haldið handleggjum og fótleggjum öllum stundum innan bíls.
- Vinnið eingöngu á vinnubílnum með góða yfirsýn. Verið vakandi fyrir holum, skorningum, ójöfnum, grjóti eða öðrum huldum hlutum. Óslétt undirlag getur valdið því að vinnubíllinn velti. Hátt gras getur hulið hindranir. Sýnið aðgát þegar komið er að blindhornum, runnum, trjám eða öðrum hlutum sem kunna að takmarka útsýnið.
- Ekki aka vinnubílnum nálægt háum bökkum, skurðum og vegköntum. Vinnubíllinn getur oltið mjög skyndilega ef hjól fer fram af brúninni eða bakkinn gefur eftir.
- Verið alltaf vakandi fyrir og forðist hindranir fyrir ofan bílinn, svo sem trjágreinar, dyrastafi, göngubrýr o.s.frv.
- Lítið aftur fyrir og niður áður en bakkað er til að tryggja að leiðin sé greið.
- Þegar vinnubílnum er ekið á vegum skal fylgja umferðarreglum og nota allan viðbótarbúnað sem lög kunna að krefjast, svo sem ljós, stefnuljós, merki um hægfara ökutæki og annað sem krafist ef.
- Ef vinnubíllinn titrar óeðlilega mikið skal stöðva vinnubílinn og drepa á honum tafarlaust. Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast og leitið eftir skemmdum. Gerið við skemmdir áður en vinna hefst.
- Stöðvunartími vinnubílsins kann að vera lengri á blautu undirlagi en á þurru undirlagi. Hægt er að þurrka blauta hemla með því að aka hægt á jafnsléttu um leið og stigið er létt á hemlafótstigið.
- Við nauðhemlun á miklum hraða er hætta á að afturdekkin læsist. Slíkt skerðir stjórn á vinnubílnum.
- Ekki snerta vélina, gírskiptinguna, hljóðkútinn eða útblástursgreinina á meðan vélin er í gangi eða stuttu eftir að drepið er á vélinni þar sem hitastig þessara svæða getur valdið brunasárum.
- Ekki skilja vinnubílinn eftir í gangi.
- Áður en svæði stjórnanda er yfirgefið skal gera eftirfarandi:
  - Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
  - Setjið gírskiptinguna í HLUTLAUSAN GÍR.
  - Setjið stöðuhemilinn á.
  - Látið pallinn síga.
  - Drepið á vinnuvélinni og takið lykilinn úr.
  - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
- Ekki nota vinnubílinn þegar hætta er á eldingum.
- Notið eingöngu aukabúnað og tengitæki sem samþykktur er af Toro® Company.

## Öryggi veltigrindar

- Veltigrindin er ómissandi öryggisbúnaður.
- **Ekki** fjarlægja veltigrindina af vinnubílnum.
- Notið alltaf sætisbeltið; gangið úr skugga um að það sé fest og hægt sé að losa það hratt í neyðartilvikum.

- Fylgist vandlega með fyrirstöðum fyrir ofan vinnubílinn og komið í veg fyrir að vinnubíllinn komist í snertingu við þær.
- Tryggið að veltigrindin sé í góðu ásigkomulagi með því að skoða hana reglulega og leita eftir skemmdum og herða allar festingar tryggilega.
- Skiptið um skemmda íhluti veltigrindarinnar. Ekki gera við þá eða breyta þeim.

## Öryggi í halla

Brekkur valda mikilli hættu á stjórnmissi eða veltu sem leitt getur til alvarlegra meiðsla eða dauða.

- Skoðið vinnusvæðið til að ákvarða í hvaða brekkum er hægt að vinna á vinnubílnum og skipuleggið verklag og reglur fyrir vinnu í þeim brekkum. Beitið almennu hyggjuviti og sýnið góða dómgreind við þessa skoðun.
- Ef stjórnanda finnst óþægilegt að vinna á vinnubílnum í halla skal viðkomandi sleppa því.
- Tryggið að allar hreyfingar í halla séu hægar og jafnar. Breytið hvorki hraða né stefnu vinnubílsins skyndilega.
- Forðist að aka vinnubílnum á blautu undirlagi. Hjólbarðar kunna að missa grip. Velta getur átt sér stað áður en hjólbarðar missa grip.
- Akið beint upp og niður halla.
- Ef vinnubíllinn byrjar að missa hraða á leið upp halla skal stíga hægt á hemlana og bakka svo rólega beint niður hallann.
- Hættulegt getur verið að beygja þegar ekið er upp eða niður halla. Ef nauðsynlegt reynist að beygja í halla þarf að gera það rólega og sýna mikla aðgát.
- Þungur farmur getur haft áhrif á stöðugleika í halla. Akið með léttari farm og hægar þegar ekið er í halla eða þegar þungamiðja farmsins er há. Festið farminn á pallinn til að koma í veg fyrir að hann hreyfist til. Sýnið sérstaka aðgát við flutning farms sem hreyfist auðveldlega til (t.d. vökva, grjót, sand o.s.frv).
- Forðist að taka af stað, stöðva eða beygja í halla, sérstaklega með farm. Lengri tíma tekur að stöðva vinnubílinn þegar ekið er niður halla en þegar stöðvað er á jafnsléttu. Ef stöðva þarf vinnubílinn skal forðast skyndilegar hraðabreytingar. Þær geta valdið hættu á veltu. Ekki hemla skyndilega þegar bíllinn rennur aftur á bak þar sem það veldur hættu á að hann velti aftur fyrir sig.

## Öryggi við hleðslu og losun

- Ekki skal fara yfir hámarksheildarþyngd vinnubílsins þegar farmur er á pallinum og/eða verið er að draga eftirvagn; sjá Tæknilýsing (síða 21).
- Dreifið farmi jafnt um pallinn til að auka stöðugleika og stjórn vinnubílsins.
- Áður en losað er skal ganga úr skugga um að enginn sé fyrir aftan vinnubílinn.
- Ekki losa farm af palli á meðan vinnubíllinn stendur þversum í halla. Breytingar á þyngdardreifingu geta skapað hættu á veltu.

# Notkun pallsins

## Pallinum lyft

**⚠ VIÐVÖRUN**

**Pallur í hæstu stöðu getur dottið niður og valdið meiðslum á fólki sem vinnur undir honum.**

- **Notið ávallt stífu til að halda pallinum uppi þegar unnið er undir honum.**
- **Fjarlægið allt efni af pallinum áður en honum er lyft.**

**⚠ VIÐVÖRUN**

**Hætta er á veltu ef ekið er með pallinn uppi. Hætta er á að pallurinn skemmist ef ekið er með hann uppi.**

- **Akið vinnubílnum með pallinn niðri.**
- **Látið pallinn síga eftir að hann hefur verið tæmdur.**

**⚠ VARÚÐ**

**Ef farmur er aftarlega á pallinum þegar klinkurnar eru losaðar er hætta á að pallurinn sturti óvænt og valdi meiðslum á nærstöddum.**

- **Reynið að hafa farm á miðjum pallinum, ef því er við komið.**
- **Haldið pallinum niðri og tryggið að enginn halli sér yfir pallinn eða standi fyrir aftan hann þegar klinkurnar eru losaðar.**
- **Fjarlægið allan farm af pallinum áður en honum er lyft vegna viðhaldsvinnu.**

Færið stöngina aftur til að lyfta pallinum (Mynd 15).




**Mynd 15**

1. Pallstöng

## Pallurinn látinn síga

**⚠ VIÐVÖRUN**

**Pallurinn getur verið þungur. Hendur og aðrir líkamshlutar geta kramist.**

**Haldið höndum og öðrum líkamshlutum í öruggri fjarlægð þegar pallurinn er látinn síga niður.**

Færið stöngina fram til að láta pallinn síga (Mynd 15).

## Afturhlerinn opnaður

1. Tryggið að pallurinn sé í neðstu stöðu og festur.
2. Opnið klinkurnar vinstra og hægra megin og setjið afturhlerann niður (Mynd 16).




**Mynd 16**

1. Handfang klinku
2. Klinkugat
3. Klinkupinni

# Vélin gangsett

1. Sitjið í sæti stjórnanda og setjið stöðuhemilinn á.
2. Aftengið aflúttakið og vökvakerfi með miklu streymi (ef það er til staðar) og færið handinngjöfina í SLÖKKTA stöðu (ef hún er til staðar).
3. Færið gírstöngina í HLUTLAUSAN GÍR og stígið á kúplingsfótstigið.
4. Tryggið að stöng vökvalyftu sé í miðstöðu.
5. Ekki stíga á inngjafarfótstigið.
6. Snúið svisslyklinum í GANGSTÖÐU.

   **Ath.:** Þegar kertaljósið kviknar er hægt að gangsetja vélina.
7. Snúið svisslyklinum í GANGSETNINGARSTÖÐU.

   **Ath.:** Sleppið lyklinum um leið og vélin fer í gang. Hann fer sjálfkrafa aftur í GANGSTÖÐU.

**Ath.:** Kertaljósið kviknar í 15 sekúndur í viðbót þegar svissinum er snúið aftur á GANGSTÖÐU.

**Ath.:** Ekki keyra startarann lengur en 10 sekúndur í einu. Annað getur valdið ótímabærri bilun í startaranum. Ef vélin fer ekki í gang innan 10 sekúndna skal snúa lyklinum á SLÖKKTA stöðu. Farið yfir stjórntæki og gangsetningarferli, bíðið í 10 sekúndur og reynið svo aftur að setja í gang.

# Fjórhjóladrifið tengt

## Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir

Kveikt er á sjálfvirku fjórhjóladrifi með því að ýta veltirofanum í stöðuna 4x4 AUTO (Mynd 17).




g227244

**Mynd 17**

1. Kveikt á sjálfvirku fjórhjóladrifi
2. Slökkt á sjálfvirku fjórhjóladrifi

Þegar fjórhjóladrifsrofinn er í virkri stöðu er fjórhjóladrif vinnubílsins sjálfkrafa tengt þegar skynjarinn greinir spól í afturdekkjunum. Ljós fjórhjóladrifsrofans kviknar þegar fjórhjóladrifið er tengt.

***Mikilvægt:*** **Sjálfvirk tenging fjórhjóladrifs er ekki í boði í bakkgír.**

**Í bakkgír þarf að ýta á fjórhjóladrifshnappinn til að tengja fjórhjóladrifið.**

Fjórhjóladrifið er virkjað handvirkt með því að halda fjórhjóladrifshnappinum á miðstokknum inni á meðan vinnubíllinn er á ferð.

**Ath.:** Fjórhjóladrifið helst tengt á meðan hnappinum er haldið inni; fjórhjóladrifsrofinn þarf ekki að vera stilltur á AUTO fyrir handvirka tengingu fjórhjóladrifsins.

# Vinnubílnum ekið

1. Takið stöðuhemilinn af.
2. Stígið kúplingsfótstigið alveg niður.
3. Setjið gírstöngina í fyrsta gír.
4. Sleppið kúplingsfótstiginu mjúklega um leið og stigið er á inngjafarfótstigið.
5. Þegar vinnubíllinn er kominn á nægilegan hraða skal taka fótinn af inngjafarfótstiginu, stíga kúplingsfótstigið alveg niður, setja gírstöngina í næsta gír og sleppa svo kúplingsfótstiginu um leið og stigið er á inngjafarfótstigið.
6. Endurtakið ferlið þar til æskilegum hraða er náð.

   ***Mikilvægt:*** **Stöðvið vinnubílinn alltaf þegar skipta á í bakkgír úr framgír eða í framgír úr bakkgír.**

   **Ath.:** Forðist að láta vélina ganga lengi í lausagangi.

   Notið töfluna hér að neðan til að ákvarða akstursshraða þegar snúningshraði vélarinnar er 3600 sn./mín.

| Gír | Drif | Hlutfall | Hraði (km/klst.) | Hraði (míl./klst.) |
|---|---|---|---|---|
| 1 | L | 82,83 : 1 | 4,7 | 2,9 |
| 2 | L | 54,52 : 1 | 7,2 | 4,5 |
| 3 | L | 31,56 : 1 | 12,5 | 7,7 |
| 1 | H | 32,31 : 1 | 12,2 | 7,6 |
| 2 | H | 21,27 : 1 | 18,5 | 11,5 |
| 3 | H | 12,31 : 1 | 31,9 | 19,8 |
| R | L | 86,94 : 1 | 4,5 | 2,8 |
| R | H | 33,91 : 1 | 11,6 | 7,1 |

***Mikilvægt:*** **Ekki reyna að ýta eða draga vinnubílinn í gang. Slíkt getur leitt til skemmda á aflrásinni.**

# Vinnubíllinn stöðvaður

Vinnubíllinn er stöðvaður með því að taka fótinn af inngjafarfótstiginu og stíga því næst á hemlafótstigið.

# Drepið á aflvélinni

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Snúið svisslyklinum í SLÖKKTA stöðu og takið lykilinn úr.

# Notkun driflæsingar

**⚠ VIÐVÖRUN**

**Hætta er á alvarlegum meiðslum við veltu í halla.**

- **Viðbótargripið sem driflæsingin býður upp á getur skapað hættu, t.d. við akstur upp halla sem er of brattur fyrir beygjur. Sýnið aðgát þegar unnið er með driflæsinguna á, sérstaklega í miklum halla.**
- **Ef tekin er kröpp beygja á miklum hraða með driflæsinguna á og innra afturdekkið lyftist upp er hætta á stjórnmissi og skriki vinnubílsins. Notið driflæsingu eingöngu á hægum hraða.**

**⚠ VARÚÐ**

**Beygja með driflæsinguna á getur valdið stjórnmissi. Ekki vinna með driflæsinguna á ef taka þarf krappar beygjur eða aka hratt.**

Driflæsingin eykur grip vinnubílsins með því að samlæsa afturdekkjunum til að eitt hjól spóli ekki. Þetta getur auðveldað akstur með þungan farm yfir blautan grassvörð eða við hálar aðstæður, upp halla eða á sandi. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta aukna grip er eingöngu ætlað fyrir tímabundna takmarkaða notkun. Það kemur ekki í stað öruggrar notkunar.

Driflæsingin veldur því að bæði afturdekk snúast á sama hraða. Þegar driflæsingin er á er erfiðara að taka krappar beygjur og þær geta skemmt grassvörð. Notið driflæsinguna eingöngu þegar á þarf að halda, á hægum hraða og eingöngu í fyrsta eða öðrum gír.

# Notkun vökvastjórnbúnaðarins

Vökvastjórnbúnaðurinn beinir vökvaafli frá dælu vinnubílsins þegar vélin er í gangi. Hægt er að nýta aflið í gegnum hraðtengin aftan á vinnubílnum.

**⚠ VIÐVÖRUN**

**Glussi sem spýtist út undir miklum þrýstingi getur verið nægilega kraftmikill til að smjúga gegnum húð og valda alvarlegum meiðslum.**

**Sýnið aðgát við tengingu og aftengingu vökvaknúnu hraðtengjanna. Drepið á vélinni, setjið stöðuhemilinn á, látið tengitækið síga og setjið ytri vökvakerfislokann í flotstöðu til að losa vökvaþrýsting áður en hraðtengin eru tengd eða aftengd.**

***Mikilvægt:*** **Ef margir vinnubílar nota sama tengitækið er hætta á að óhreinindi geti borist í glussa á milli vinnubíla. Skiptið oftar um glussa.**

## Vökvaknúin lyftistöng palls notuð til að stjórna vökvaknúnum tengitækjum

- **SLÖKKT staða**

  Þetta er hefðbundin staða stjórnlokans þegar hann er ekki í notkun. Í þessari stöðu eru vinnutengi stjórnlokans lokuð og einstefnulokar stjórna átaki í báðar áttir.

- **LYFTISTAÐA (hraðtengi A)**

  Þessi staða lyftir pallinum og tengitæki á tengibúnaði að aftan eða beitir þrýstingi á hraðtengi A. Þessi staða opnar einnig fyrir bakrennsli glussa frá hraðtengi B í lokann og þaðan í geyminn. Þetta er tímabundin staða og þegar stönginni er sleppt færir gormspenna hana aftur í SLÖKKTA stöðu.




g009822

**Mynd 18**

1. Staða hraðtengis A
2. Staða hraðtengis B

- **SIGSTAÐA (hraðtengi B)**

  Þessi staða lætur pallinn og tengibúnað aftan á tengitæki síga eða beitir þrýstingi á hraðtengi B. Þetta opnar einnig fyrir bakrennsli glussa frá hraðtengi A í lokann og þaðan í geyminn. Þetta er tímabundin staða og þegar stönginni er sleppt færir gormspenna hana aftur í SLÖKKTA stöðu. Þegar stjórnstönginni er haldið tímabundið í þessari stöðu og svo sleppt er glussa dælt í hraðtengi B og þrýstingi er beitt á tengibúnað að aftan. Þegar stönginni er sleppt helst þrýstingurinn á króknum.

  ***Mikilvægt:*** **Ef staðan er notuð með vökvatjakki og stjórnstönginni er haldið í neðri stöðunni streymir glussinn yfir öryggislokann og hætta er á skemmdum á vökvakerfinu.**

- **KVEIKT staða**

  Þessi staða er svipuð SIGSTÖÐU (HRAÐTENGI B). Hún beinir einnig glussa í hraðtengi B, en stönginni er aftur á móti haldið með haldstöng á stjórnborðinu. Þetta skilar samfelldu streymi glussa í búnaðinn sem notar glussamótorinn.

  **Notið þessa stöðu eingöngu á tengitæki með tengdan glussamótor.**

  ***Mikilvægt:*** **Ef staðan er notuð með vökvatjakki eða engu tengitæki veldur KVEIKTA staðan því að glussi streymir yfir öryggislokann og hætta er á skemmdum á vökvakerfinu. Notið þessa stöðu eingöngu tímabundið eða með mótor tengdan.**

  ***Mikilvægt:*** **Kannið stöðu glussa eftir uppsetningu tengitækis. Kannið virkni og tappið lofti af tengitækinu með því að setja það nokkrum sinnum í gegnum allar hreyfingar. Kannið stöðu glussa aftur að því loknu. Tengitækistjakkur hefur smávægileg áhrif á stöðu glussa í sambyggðum gírkassa og drifi. Ef vinnubíllinn er notaður þegar staða glussa er lág er hætta á skemmdum á dælu, ytra vökvakerfi, aflstýri og sambyggðum gírkassa og drifi bílsins.**

## Tenging hraðtengja

***Mikilvægt:*** **Hreinsið óhreinindi af hraðtengjunum áður en þau eru tengd. Óhrein tengi geta valdið því að óhreinindi komist í vökvakerfið.**

1. Togið láshringinn á tenginu aftur.
2. Stingið slönguniplinum í tengið þannig að hann smelli á sinn stað.

**Ath.:** Þegar ytri búnaður er tengdur við hraðtengin þarf að ákvarða hvor hliðin krefst þrýstings og tengja þá slöngu við hraðtengi B, sem myndar þrýsting þegar stjórnstönginni er ýtt fram eða er læst í KVEIKTRI stöðu.

## Aftenging hraðtengja

**Ath.:** Drepið á vinnubílnum og slökkvið á tengitækinu og hreyfið svo lyftistöngina aftur á bak og áfram til að létta þrýstingi af kerfinu og auðvelda aftengingu hraðtengjanna.

1. Togið láshringinn á tenginu aftur.
2. Togið slönguna úr tenginu.

   ***Mikilvægt:*** **Hreinsið og setjið ryktappa og rykhlífar á hraðtengin þegar þau eru ekki í notkun.**

## Bilanaleit í vökvastjórnbúnaði

- **Erfitt að tengja eða aftengja hraðtengin.**

  Þrýstingur er enn til staðar (þrýstingur á hraðtengi).

- **Erfitt er að snúa aflstýrinu eða það snýst alls ekki.**
  - Glussastaða er lág.
  - Glussinn er of heitur.
  - Dælan virkar ekki.
- **Glussi lekur.**
  - Laus tengi.
  - O-hring vantar á tengi.
- **Tengitæki virkar ekki.**
  - Hraðtengin eru ekki fulltengd.
  - Hraðtengjunum hefur verið víxlað.
- **Ískur heyrist.**
  - Takið vinstri lokann úr KVEIKTU haldstöðunni, sem veldur því að glussi streymir yfir öryggislokann.
  - Reimin er laus.
- **Vélin fer ekki í gang.**

  Vökvastjórnstöngin er læst í FRAMSTÖÐU.

# *Eftir notkun*

# Öryggi eftir notkun

## Almennt öryggi

- Áður en svæði stjórnanda er yfirgefið skal gera eftirfarandi:
  - Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
  - Setjið gírskiptinguna í HLUTLAUSAN GÍR.
  - Setjið stöðuhemilinn á.
  - Látið pallinn síga.
  - Drepið á vinnuvélinni og takið lykilinn úr.
  - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast
- Leyfið vinnubílnum að kólna áður en hann er stilltur, þjónustaður, þrifinn eða settur í geymslu.
- Geymið ekki vinnubílinn nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.
- Haldið öllum hlutum vinnubílsins í góðu ásigkomulagi og tryggið að vélbúnaður sé vel hertur.
- Haldið sætisbeltum við og þrífið eftir þörfum.
- Skiptið um slitnar eða skemmdar merkingar og setjið nýjar í stað merkinga sem vantar.

# Vinnubíllinn fluttur

- Sýnið aðgát þegar vinnubíllinn er settur á eða tekinn af eftirvagni eða palli.
- Notið skábrautir í fullri breidd við að aka honum á eftirvagn eða palla.
- Festið vinnubílinn tryggilega.

Frekari upplýsingar um festingarstaði á vinnubílnum er að finna á Mynd 19Mynd 20.

**Ath.:** Akið vinnubílnum á eftirvagn þannig að framhluti hans snúi fram. Ef það er ekki hægt skal binda vélarhlífina fasta við grindina með stroffu eða taka hana af og flytja og festa aðskilið; að öðrum kosti er hætta á að vélarhlífin fjúki af við flutninga.




**Mynd 19**

1. Auga á grindinni




**Mynd 20**

1. Öxull
2. Festiplata

# Vinnubíllinn dreginn

Í neyðartilvikum er hægt að draga vinnubílinn stuttar vegalengdir; þetta er hins vegar ekki hefðbundin notkun.

**⚠ VIÐVÖRUN**

**Hætta er á stjórnmissi þegar dregið er á of miklum hraða. Slíkt getur leitt til meiðsla á fólki.**

**Aldrei draga vinnubíl hraðar en 8 km/klst.**

**Ath.: Aflstýrið virkar ekki, sem leiðir til erfiðleika við stýringu.**

Dráttur vinnubílsins krefst aðkomu tveggja einstaklinga. Ef flytja þarf vinnubílinn um langan veg skal nota vörubíl eða eftirvagn.

1. Festið dráttartaug í beislið framan á grind vinnubílsins (Mynd 19).
2. Setjið gírskiptinguna í HLUTLAUSAN GÍR og takið stöðuhemilinn af.

# Dráttur eftirvagns

Vinnubíllinn getur dregið eftirvagna og tengitæki sem eru þyngri en bíllinn sjálfur. Nokkrar gerðir dráttarkróka eru í boði fyrir vinnubílinn, allt eftir því í hvað á að nota hann. Frekari upplýsingar fást hjá viðurkenndum þjónustu- og söluaðila.

Ef vinnubíllinn er búinn dráttarkróki sem er boltaður á afturöxulinn getur bíllinn dregið eftirvagna eða tengitæki sem eru að hámarki 1587 kg.

Hlaðið eftirvagn alltaf þannig að 60% farmsins liggi á framhluta eftirvagnsins. Þetta veltir um 10% (hámark 272 kg) af heildarþyngd eftirvagnsins yfir á dráttarkrók vinnubílsins.

Ekki ofhlaða vinnubílinn eða eftirvagninn þegar ekið er með farm eða eftirvagn (tengitæki) í eftirdragi. Ofhleðsla getur valdið skertum afköstum eða skemmdum á hemlum, öxli, vél, sambyggðum gírkassa og drifi, stýri, fjöðrun, yfirbyggingu eða hjólbörðum.

***Mikilvægt:*** **Notið lága drifið til að draga úr hættu á skemmdum á aflrásinni.**

Við drátt tengitækja sem tengd eru með dráttarstól, á borð brautaloftunarbúnað, þarf alltaf að setja upp hjólastöng (sem fylgir með dráttarstólssettinu) til að koma í veg fyrir framhjólin lyftist upp ef hreyfing tengitækisins er skyndilega heft.

# Viðhald

## Öryggi við viðhaldsvinnu

- Ekki leyfa óþjálfuðu starfsfólki að þjónusta vinnubílinn.
- Áður en svæði stjórnanda er yfirgefið skal gera eftirfarandi:
  - Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
  - Setjið gírskiptinguna í HLUTLAUSAN GÍR.
  - Setjið stöðuhemilinn á.
  - Látið pallinn síga.
  - Drepið á vinnuvélinni og takið lykilinn úr.
  - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
- Leyfið vinnuvélinni að kólna áður en hún er stillt, þjónustuð, þrifin eða sett í geymslu.
- Setjið alltaf búkka undir vinnubílinn þegar unnið er undir honum.
- Ekki vinna undir palli sem hefur verið lyft án þess að nota viðeigandi öryggisstífu.
- Gangið úr skugga um að öll glussalagnatengi séu vel hert og að allar glussaslöngur- og lagnir séu í góðu ásigkomulagi áður en þrýstingi er hleypt á kerfið.
- Áður en vökvakerfið er aftengt eða unnið er við það skal losa allan þrýsting af kerfinu með því að drepa á mótornum, stilla losunarlokann nokkrum sinnum á milli hækkunar og lækkunar og/eða láta pallinn og tengitæki síga niður. Setjið stöng ytra vökvakerfis í flotstöðu. Ef pallurinn þarf að vera uppi skal styðja við hann með öryggisstífu.
- Losið varlega uppsafnaðan þrýsting í íhlutum.
- Ekki hlaða rafgeyminn á meðan unnið er við vinnubílinn.
- Tryggið að allur vélbúnaður sé vel hertur til að viðhalda góðu ástandi vinnubílsins.
- Til að draga úr eldhættu skal hreinsa smurfeiti, gras, lauf og óhreinindi af vinnubílnum.
- Ekki sinna viðhaldi með vélina gangi, ef því verður við komið. Haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu.
- Ef vélin þarf að vera í gangi við stillingu skal halda höndum, fótum, fatnaði og öðrum líkamshlutum fjarri hlutum á hreyfingu. Haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð frá vinnubílnum.
- Hreinsið upp olíu og eldsneyti sem lekur niður.
- Kannið virkni stöðuhemilsins, eins og sagt er til um í viðhaldsáætluninni og stillið hann og þjónustið eftir þörfum.
- Haldið öllum hlutum vinnubílsins í góðu ásigkomulagi og tryggið að vélbúnaður sé rétt hertur. Skiptið um slitnar eða skemmdar merkingar.
- Aldrei breyta ætlaðri virkni öryggisbúnaðar eða skerða þá vörn sem öryggisbúnaður veitir.
- Ekki setja vélina í yfirsnúning með því að breyta stillingum gangráðsins. Látið kanna hámarkssnúningshraða vélar með snúningshraðamæli hjá viðurkenndum sölu- og þjónustuaðila Toro til að tryggja öryggi og nákvæmni.
- Ef þörf er á meiriháttar viðgerðum eða aðstoð skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila.
- Hvers kyns breytingar á vinnubílnum kunna að hafa áhrif á virkni hans, afköst eða endingu, auk þess sem hætta skapast á meiðslum á fólki eða dauða. Slík notkun getur fellt úr gildi vöruábyrgð Toro® Company.

# Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir

| Tíðni viðhaldsþjónustu | Viðhaldsferli |
|---|---|
| Eftir fyrstu 2 klukku-stundirnar | • Herðið felgurær fram- og afturhjóla. |
| Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar | • Athugið stillingu leiðslna gírskiptingarinnar.<br>• Herðið felgurær fram- og afturhjóla.<br>• Athugið stillingu stöðuhemilsins.<br>• Athugið ástand og strekkingu reimar riðstraumsrafalsins.<br>• Skiptið um glussasíuna. |
| Eftir fyrstu 50 klukkustundirnar | • Skiptið um smurolíu og síu.<br>• Stillið ventlabil vélarinnar. |
| Eftir fyrstu 100 klukkustundirnar | • Fylgið leiðbeiningum um tilkeyrslu nýs vinnubíls. |
| Fyrir hverja notkun eða daglega | • Leitið eftir sliti, skurðum eða öðrum skemmdum á sætisbeltunum. Skiptið um sætisbelti ef einhver hluti þeirra virkar ekki rétt.<br>• Kannið þrýsting í hjólbörðum.<br>• Kannið virkni öryggissamlæsingarkerfisins.<br>• Kannið stöðu smurolíu.<br>• Tappið vatni eða öðrum óhreinindum af vatnsskiljunni.<br>• Athugaðu hæð kælivökva.<br>• Hreinsið óhreinindi úr vélarrýminu og af vatnskassanum. (Hreinsa verður oftar við óhreinar aðstæður.)<br>• Athugið hæð hemlavökvans. Athugið hæð hemlavökvans áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn.<br>• Athugið vökvahæð sambyggða gírkassans og drifsins/glussahæðina. (Athugið vökvahæðina áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn og síðan á 8 klukkustunda fresti eða daglega þar á eftir.)<br>• Athugið hæð hraðstreymisglussans (aðeins á TC-gerðum). (Athugið glussahæðina áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn og daglega þar á eftir) |
| Á 25 klukkustunda fresti | • Takið hlífina af loftsíunni og fjarlægið óhreinindi. |
| Á 50 klukkustunda fresti | • Kannið vökvastöðu í rafgeymi (á 30 daga fresti ef búnaðurinn er í geymslu).<br>• Skoðið tengingar rafgeymiskapla. |
| Á 100 klukkustunda fresti | • Smyrjið legur og fóðringar (smyrjið oftar við erfiðar aðstæður).<br>• Skiptið um loftsíuna (skipta verður oftar við rykugar eða óhreinar aðstæður).<br>• Athugið olíuhæð mismunadrifsins að framan (aðeins gerðir með fjórhjóladrif).<br>• Athugið ástand hjólbarðanna. |
| Á 200 klukkustunda fresti | • Skiptið um smurolíu og síu.<br>• Skoðið skauthlífar rafalsins með tilliti til sprungumyndunar, holumyndunar eða lausra klemma (Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir).<br>• Athugið stillingu leiðslna gírskiptingarinnar.<br>• Athugið stillingu leiðslunnar fyrir hátt og lágt hraðasvið.<br>• Athugið stillingu leiðslu mismunadrifsins.<br>• Herðið felgurær fram- og afturhjóla.<br>• Athugið stillingu stöðuhemilsins.<br>• Athugið stillingu hemlafótstigsins.<br>• Athugið ástand og strekkingu reimar riðstraumsrafalsins.<br>• Athugið stillingu kúplingsfótstigsins.<br>• Skoðið aksturs- og stöðuhemlana. |
| Á 400 klukkustunda fresti | • Skiptið um eldsneytissíu.<br>• Skoðið eldsneytisleiðslur og tengingar.<br>• Athugið stillingu framhjóla.<br>• Skoðið hemlana sjónrænt og athugið hvort að hemlaklossarnir séu slitnir. |
| Á 600 klukkustunda fresti | • Stillið ventlabil vélarinnar. |

| Tíðni viðhaldsþjónustu | Viðhaldsferli |
|---|---|
| Á 800 klukkustunda fresti | • Skiptið um mismunadrifsolíuna að framan (Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir).<br>• Skiptið um glussann og þrífið sigtið.<br>• Skiptið um glussasíuna.<br>• Skiptið um hraðstreymisglussann og síuna þegar ráðlagður glussi var ekki notaður eða þegar fyllt var á geyminn með vökva af annarri gerð. |
| Á 1.000 klukkustunda fresti | • Skiptu um kælivökva vélar.<br>• Skiptið um hemlavökva.<br>• Skiptið um síu hraðstreymisglussans ef ráðlagður glussi er notaður. |
| Á 2.000 klukkustunda fresti | • Skiptið um hraðstreymisglussann ef ráðlagður glussi er notaður. |

**Ath.:** Farið á www.Toro.com og leitið að viðkomandi vinnubíl í gegnum handbókartengilinn á heimasíðunni til að sækja eintak af teikningum rafkerfisins.

***Mikilvægt:*** **Frekari upplýsingar um viðhaldsferli eru í notendahandbók vélarinnar.**

**⚠ VARÚÐ**

**Viðhald, viðgerðir, stillingar eða skoðanir á vinnubílnum skulu eingöngu vera í höndum hæfs og vottaðs starfsfólks.**

- **Forðist eldhættu og hafið slökkvibúnað ávallt til reiðu á vinnusvæðinu. Ekki nota loga til að kanna vökvastöðu eða eldsneytis-, rafvökva- eða kælivökvaleka.**
- **Ekki nota opin ílát fyrir eldsneyti eða eldfim hreinsiefni við þrif íhluta.**

**⚠ VIÐVÖRUN**

**Ef viðeigandi viðhaldi er ekki sinnt á vinnubílnum er hætta á ótímabærri bilun í kerfum bílsins, sem sett getur stjórnanda eða nærstadda í hættu.**

**Sinnið reglulegu viðhaldi á vinnubílnum og haldið honum í góðu ásigkomulagi, eins sagt er til um í þessum leiðbeiningum.**

**⚠ VARÚÐ**

**Ef lykillinn er skilinn eftir í svissinum getur hver sem er óvart gangsett vélina og valdið alvarlegum meiðslum á stjórnanda eða öðrum nærstöddum.**

**Drepið á vélinni og takið lykilinn úr svissinum áður en viðhaldi er sinnt.**

# Viðhald vinnubílsins við sérstök vinnuskilyrði

***Mikilvægt:*** **Ef vinnubíllinn er notaður við einhverjar af þeim aðstæðum sem taldar eru upp hér að neðan skal sinna viðhaldi helmingi oftar:**

- Vinna í eyðimörk
- Vinna við köld skilyrði – undir 10°C
- Dráttur eftirvagns
- Mikil notkun við rykugar aðstæður
- Byggingarvinna
- Eftir langa notkun í aur, sandi, vatni eða öðrum álíka óhreinindum skal gera eftirfarandi:
  - Láta skoða og hreinsa hemlana svo fljótt sem auðið er. Þetta kemur í veg fyrir að sverfandi efni valdi óeðlilegu sliti.
  - Þrífið vinnubílinn með vatni eingöngu eða með mildu hreinsiefni.

    ***Mikilvægt:*** **Ekki nota ísalt vatn eða hreinsað vatn til að þrífa vinnubílinn.**

# *Undirbúningur fyrir viðhald*

Mörg þeirra atriða sem fjallað er um í þessari handbók krefjast þess að pallinum sé lyft og hann látinn síga. Farið eftir eftirfarandi varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir alvarleg meiðsli eða dauða.

# Undirbúningur vinnubíls fyrir viðhald

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Tæmið og lyftið pallinum; sjá Pallinum lyft (síða 26).
4. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
5. Bíðið þar til vinnubíllinn hefur kólnað áður en viðhaldi er sinnt.

# Notkun pallstífu

***Mikilvægt:*** **Setjið pallstífuna alltaf á eða fjarlægið utan við pallinn.**

1. Lyftið pallinum þar til lyftitjakkarnir hafa náð fullri lengd.
2. Takið pallstífuna úr geymslufestingunni aftan á veltigrindarspjaldinu (Mynd 21).




**Mynd 21**

1. Pallstífa

3. Ýtið pallstífunni á tjakkbulluna og tryggið að fliparnir á endum stífunnar liggi á tjakkhólknum og stangarenda tjakksins (Mynd 22).




**Mynd 22**

1. Pallstífa
2. Tjakkhólkur
3. Pallur

4. Takið pallstífuna af tjakknum og setjið hana í festinguna aftan á veltigrindarspjaldinu.

   ***Mikilvægt:*** **Ekki reyna að láta pallinn síga með stífuna á tjakknum.**

# Pallurinn tekinn af

1. Gangsetjið vélina, setjið stöng vökvalyftunnar í virka stöðu og látið pallinn síga þar til tjakkarnir eru lausir í raufunum.
2. Sleppið öryggisstönginni og drepið á vélinni.
3. Takið splittin úr ytri endum splittbolta tjakkbullunnar (Mynd 23).




**Mynd 23**

1. Endi bullustangarinnar
2. Festiplata palls
3. Splittbolti
4. Splitti
5. Aftari raufar (heill pallur)
6. Fremri raufar (⅔ pallur)

4. Fjarlægið splittboltana sem festa stangarenda tjakksins við festiplötur pallsins með því að ýta þeim inn (Mynd 23).
5. Fjarlægið splittin og splittboltana sem festa snúningsfestingarnar við grindina (Mynd 23).
6. Lyftið pallinum af vinnubílnum.

   **⚠ VARÚÐ**

   **Heill pallur vegur um 148 kg og þess vegna þurfa fleiri en einn að fjarlægja hann.**

   **Notið talíu eða fáið aðstoð tveggja til þriggja einstaklinga.**

7. Geymið tjakkana í geymslufestingunum.
8. Læsið lásstöng vökvaknúna tjakksins á bílnum til að koma í veg fyrir að hann opnist óvart.

# Pallur settur á

**Ath.:** Ef setja þarf upp hliðarborð á flatan pall er auðveldara að setja þau á áður en pallurinn er settur á vinnubílinn.

Tryggið að aftari snúningsplöturnar séu boltaðar við pallgrindina þannig að neðri endinn vísi aftur (Mynd 24).




**Mynd 24**

1. Vinstra horn palls að aftan
2. Grind vinnubíls
3. Snúningsplata
4. Splittbolti
5. Splitti

**⚠ VARÚÐ**

**Heill pallur vegur um 148 kg og þess vegna þurfa fleiri en einn að fjarlægja hann.**

**Notið talíu eða fáið aðstoð tveggja til þriggja einstaklinga.**

Tryggið að stöðuhólksfestingarnar og slitkubbarnir (Mynd 25) séu sett upp þannig að boltahausarnir vísi inn að vinnubílnum.




**Mynd 25**

1. Slitkubbur
2. Stöðuhólksfesting
3. Burðarbolti

1. Tryggið að lyftitjakkarnir séu alveg inndregnir.
2. Setjið pallinn varlega á grind vinnubílsins, þannig að göt snúningsplötunnar aftan á pallinum flútti við götin aftan á grindinni, og festið með splittboltunum og splittunum (Mynd 25).
3. Hafið pallinn niðri og festið stangarenda tjakkanna við viðeigandi raufar á festiplötum pallsins með splittbolta og splitti.
4. Setjið splittboltann í utan frá þannig að splittið vísi út (Mynd 25).

   **Ath.:** Aftari raufarnar eru fyrir uppsetningu á heilum palli; fremri raufarnar eru fyrir uppsetningu ⅔ palls.

   **Ath.:** Hugsanlega þarf að gangsetja vélina til að lengja og draga tjakkana saman til að stilla þá af við götin.

   **Ath.:** Hægt er að loka ónotuðum raufum með bolta og ró til að koma í veg fyrir villur við uppsetningu.
5. Gangsetjið vélina og notið stöng vökvalyftu til að lyfta pallinum.
6. Sleppið öryggisstönginni og drepið á vélinni.
7. Setjið pallstífuna á til að koma í veg fyrir að pallurinn falli niður; sjá Notkun pallstífu (síða 36).
8. Setjið splittin í innri enda splittboltanna.

   **Ath.:** Ef sjálfvirk opnun afturhlera er uppsett á pallinum þarf að tryggja að fremri sturtutengiarmurinn sé innan við vinstri splittboltann áður en splittið er sett í.

# Vinnubílnum lyft

**⚠ HÆTTA**

**Vinnubíll á tjakki getur verið óstöðugur og runnið af tjakkinum og valdið meiðslum á hverjum þeim sem undir honum kann að liggja.**

- **Ekki gangsetja vinnubílinn á meðan hann er á tjakki þar sem titringur frá vélinni eða hreyfingar hjóla geta valdið því að vinnubíllinn rennur af tjakkinum.**
- **Takið lykilinn alltaf úr svissinum áður en vinnubíllinn er yfirgefinn.**
- **Setjið skorður við hjólbarða vinnubílsins sem hefur verið lyft með tjakki.**

Þegar vinnubíll er tjakkaður upp að framan skal alltaf setja viðarkubb (eða eitthvað svipað) á milli tjakksins og grind vinnubílsins.

Lyftipunktarnir framan á vinnubílnum er undir miðjurammastoðinni (Mynd 26).




**Mynd 26**

1. Lyftipunktar að framan

Lyftipunktarnir aftan á vinnubílnum eru undir öxlinum (Mynd 27).




**Mynd 27**

1. Lyftipunktar að aftan

# Vélarhlíf tekin af og sett á

## Vélarhlíf fjarlægð

1. Náið taki á vélarhlífinni um aðalljósagötin og lyftið henni upp til að losa neðri festiflipana úr götunum á grindinni (Mynd 28).




**Mynd 28**

1. Vélarhlíf

2. Snúið neðri hluta vélarhlífarinnar upp þar til hægt er að toga efri festiflipana úr götunum á grindinni (Mynd 28).

3. Snúið efri hluta vélarhlífarinnar fram og takið vírana úr sambandi við aðalljósin (Mynd 28).
4. Fjarlægið vélarhlífina.

## Vélarhlífin sett á

1. Tengið ljósin.
2. Stingið efri festiflipunum í götin á grindinni (Mynd 28).
3. Stingið neðri festiflipunum í götin á grindinni (Mynd 28).
4. Tryggið að vélarhlífin sé fest að ofan, á hliðum og að neðan.

# *Smurning*

# Smurning á legum og fóðringum

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti (smyrjið oftar við erfiðar aðstæður).

**Smurfeiti:** Litíumfeiti nr. 2

1. Þurrkið af smurkoppnum með tusku til að aðskotaefni komist ekki inn í leguna eða fóðringuna.
2. Notið smursprautu til að sprauta smurfeiti í smurkoppa vinnubílsins.
3. Þurrkið umframfeiti af vinnubílnum.

***Mikilvægt:*** **Þegar smurfeiti er sprautað í hjörulið drifskaftsins skal sprauta þar til smurfeiti sprautast út um allar fjórar skálarnar.**

Staðsetningar smurkoppa og magn smurfeiti í þá er eftirfarandi:

- **Kúluliðir (4)**; sjá Mynd 29
- **Stýrisstangir (2)**; sjá Mynd 29
- **Snúningsfestingar (2)**; sjá Mynd 29
- **Stýristjakkur (2)**; sjá Mynd 29




**Mynd 29**

- **Gormturn (2)**; sjá Mynd 30




**Mynd 30**

- **Hemill (1)**; sjá Mynd 31




**Mynd 31**

- **Kúpling (1)**; sjá Mynd 31
- **Inngjöf (1)**; sjá Mynd 31

- **U-liður (18)**; sjá Mynd 32
- **Fjórhjóladrifskaft (3)**; sjá Mynd 32




**Mynd 32**

# Viðhald vélar

## Vélaröryggi

- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið eftir að allir hlutar á hreyfingu hafi stöðvast áður en olíuhæðin er skoðuð og olía er fyllt á sveifarhúsið.
- Haldið höndum, fótum, andliti, fatnaði og öðrum líkamshlutum í öruggri fjarlægð frá hljóðkútnum og öðrum heitum flötum.

## Unnið við loftsíuna

**Viðhaldstími:** Á 25 klukkustunda fresti—Takið hlífina af loftsíunni og fjarlægið óhreinindi.

Á 100 klukkustunda fresti—Skiptið um loftsíuna (skipta verður oftar við rykugar eða óhreinar aðstæður).

Skoðið loftsíuna og slöngurnar reglulega til að tryggja öryggi og hámarks endingartíma vélarinnar. Leitið eftir skemmdum á húsi loftsíunnar sem kunna að valda loftleka. Skiptið um skemmt loftsíuhús.

1. Losið klinkurnar á loftsíunni og togið lokið af henni (Mynd 33).




**Mynd 33**

1. Loftsíulok
2. Sía

2. Opnið rykhlífina með því að kreista hana saman og sláið út rykið.
3. Rennið síunni varlega úr húsinu (Mynd 33).

   **Ath.:** Reynið að koma í veg fyrir að sían lemjist í hliðar hússins.

   **Ath.:** Ekki þrífa síuna.
4. Leitið eftir skemmdum á nýju síunni með því að horfa inn í síuna um leið og lýst er með björtu ljósi utan á síuna.

   **Ath.:** Göt á síunni mynda bjarta bletti. Leitið eftir rifum, olíumengun eða skemmdum á gúmmíþétti einingarinnar. Ekki nota síuna ef hún er skemmd.

   **Ath.:** Notið vélina ávallt með loftsíuna og hlífina á sínum stað til að koma í veg fyrir vélarskemmdir.
5. Rennið síunni varlega yfir sívalninginn (Mynd 33).

   **Ath.:** Tryggið að hún sitji tryggilega með því að ýta á ytri brún síunnar um leið og hún er sett í.
6. Setjið loftsíulokið á þannig að hliðin snúi upp og festið klinkurnar (Mynd 33).

# Smurolíuvinna

**Ath.:** Skiptið oftar um olíu þegar unnið er í miklu ryki eða sandi.

**Ath.:** Fargið notaðri smurolíu og olíusíunni á vottaðri endurvinnslustöð.

## Forskriftir fyrir smurolíu

**Gerð olíu:** Hreinsiolía (API-flokkun SJ eða hærri)

**Rúmtak sveifarhúss:** 3,2 l þegar skipt er um síu

**Seigja:** Sjá töfluna hér á eftir.




g016095

**Mynd 34**

## Smurolíuhæð könnuð

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega

**Ath.:** Ráðlagt er að athuga smurolíuhæðina þegar vélin er köld og áður en vélin hefur verið gangsett. Leyfið olíunni að renna aftur niður í pönnuna í a.m.k. 10 mínútur áður en smurolíuhæðin er athuguð ef vélin hefur verið gangsett. Þegar olíuhæðin liggur við eða er lægri en merkingin Add (fylla á) á olíukvarðanum skal fylla á með olíu að merkingunni Full (fullt). **Ekki yfirfylla vélina af olíu.** Ekki er þörf á að fylla á olíu ef olíuhæðin er á milli merkinganna Full (fullt) og Add (fylla á).

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Takið olíukvarðann úr og strjúkið af honum með hreinum klút (Mynd 35).




g028637

g028637

**Mynd 35**

1. Áfyllingarlok
2. Olíukvarði

5. Stingið olíukvarðanum í rörið og gangið úr skugga um að hann falli þétt að (Mynd 35).
6. Fjarlægið olíukvarðann og athugið olíuhæðina (Mynd 35).
7. Þegar olíuhæðin er lág skal fjarlægja áfyllingarlokið (Mynd 35) og fylla á nægilega mikið af olíu til að vökvahæðin nái að merkingunni Full (fullt) á olíukvarðanum.

   **Ath.:** Fjarlægið olíukvarðann meðan á áfyllingu stendur til að loftun sé fullnægjandi. Fyllið hægt á og athugið olíuhæðina jafnóðum meðan á áfyllingu stendur. **Ekki yfirfylla vélina af olíu.**

   ***Mikilvægt:*** **Þegar fyllt er á með vélarolíu eða annarri olíu verður að vera fríbil á milli olíuáfyllingarbúnaðarins og áfyllingarops olíunnar á ventlahlífinni eins og sýnt er á Mynd 36. Þetta fríbil er nauðsynlegt til að tryggja fullnægjandi loftun og kemur í veg fyrir að olían leki yfir í síuna.**




**Mynd 36**

1. Gætið að fríbilinu á milli áfyllingarbúnaðarins og áfyllingarstúts olíunnar.

8. Festið olíukvarðann tryggilega (Mynd 35).

## Skipt um smurolíu og síu

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 50 klukkustundirnar
Á 200 klukkustunda fresti

1. Hækkið pallinn og setjið öryggisstoðir undir framlengda lyftitjakkinn til að halda pallinum uppi.
2. Takið botntappann úr og tappið allri olíunni af í afrennslispönnu (Mynd 37).




**Mynd 37**

1. Botntappi olíuafrennslis
2. Smurolíusía

3. Þegar olían hættir að leka út er botntappinn settur aftur í.
4. Fjarlægið olíusíuna (Mynd 37).
5. Smyrjið þunnt lag af hreinni olíu á nýju pakkningu nýju síunnar áður en hún er skrúfuð á sinn stað.
6. Skrúfið síuna á þar til pakkningin er í snertingu við festiplötuna. Herðið síðan síuna um ½ til ⅔ úr hring.

   **Ath.: Gætið þess að herða ekki um of.**
7. Fyllið á sveifarhúsið með tilgreindri olíu.

## Viðbrögð við vélarljósi

**Ath.:** Eingöngu starfsfólk þjónustudeildar Toro hefur aðgang að upplýsingum um kóða vélarbilunar.

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila.

# *Viðhald eldsneytiskerfis*

# Viðhaldsvinna við eldsneytisforsíu/vatnsskilju

## Aftöppun eldsneytisforsíu/vatns-skilju

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega—Tappið vatni eða öðrum óhreinindum af vatnsskiljunni.

1. Komið fyrir hreinu íláti undir eldsneytissíunni (Mynd 38).
2. Losið um botntappann neðst á síuhylkinu.




**Mynd 38**

1. Síuhylki

3. Herðið botntappann neðst á síuhylkinu.

## Skipt um eldsneytissíu

**Viðhaldstími:** Á 400 klukkustunda fresti—Skiptið um eldsneytissíu.

1. Tæmið vatnið úr vatnsskiljunni, sjá Aftöppun eldsneytisforsíu/vatnsskilju (síða 45).
2. Hreinsið svæðið þar sem síunni er komið fyrir (Mynd 38).
3. Fjarlægið síuna og hreinsið festisvæðið.
4. Smyrjið pakkningu síunnar með hreinni olíu.
5. Festið síuna með höndunum þar til pakkningin snertir festiflötinn og snúið henni síðan ½ úr hring til viðbótar.
6. Herðið botntappann neðst á síuhylkinu.

# Athugun á eldsneytis-leiðslum og tengjum

**Viðhaldstími:** Á 400 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)

Skoðið eldsneytisleiðslurnar, tengin og klemmurnar með tilliti til leka, niðurbrots, skemmda eða lausra leiðslna.

**Ath.:** Gerið við alla íhluti eldsneytiskerfisins sem eru skemmdir eða leka áður en vinnubíllinn er notaður að nýju.

# Viðhald rafkerfis

## Öryggi tengt rafkerfi

- Aftengið rafgeyminn áður en gert er við vinnuvélina. Aftengið mínusskautið fyrst og plússkautið síðast. Tengið plússkautið fyrst og mínusskautið síðast.
- Hlaðið rafgeyminn á opnu og vel loftræstu svæði, fjarri neistum og opnum eldi. Takið hleðslutækið úr sambandi áður en rafhlaðan er tengd eða aftengd. Klæðist hlífðarfatnaði og notið einangruð verkfæri.

## Unnið við öryggi

Öryggi rafkerfisins eru undir miðju mælaborðsins (Mynd 39 og Mynd 40).




g010328

**Mynd 39**

1. Öryggi




decal145-2286

**Mynd 40**

1. Rafmagnstengi (10 A)
2. Skiptistraumur (10 A)
3. Eldsneytisdæla, eftirlitsrofi (10 A)
4. Flauta, rafmagn (15 A)
5. Ljós, hemlar (15 A)
6. Hættuljós (10 A)
7. Fjórhjóladrif, gírskipting (10 A)

# Vinnubíllinn gangsettur með startköplum

**⚠ VIÐVÖRUN**

**Gangsetning með startköplum getur verið hættuleg. Fylgja skal eftirfarandi viðvörununum til að koma í veg fyrir meiðsli á fólki eða skemmdum á rafbúnaði vinnubílsins:**

- **Notið aldrei spennugjafa með meira en 15 V jafnstraum til að gefa start, slík veldur skemmdum á rafkerfinu.**
- **Bannað er að gefa tómum, frosnum rafgeymi start. Rafgeymirinn getur rifnað eða sprungið við startið.**
- **Fylgið öllum viðvörunum sem koma fram varðandi rafgeyminn þegar vinnubílnum er gefið start.**
- **Gangið úr skugga um að vinnubíllinn snerti ekki vinnubílinn sem gefur start.**
- **Tenging kapla við röng skaut getur valdið meiðslum á fólki og/eða skemmdum á rafkerfinu.**

1. Kreistið rafgeymishlífina saman til að losa um flipana á undirstöðu rafgeymisins og

fjarlægið síðan rafgeymishlífina af undirstöðu rafgeymisins (Mynd 41).




**Mynd 41**

1. Rafgeymishlíf

2. Tengið startkapal á milli plússkautanna á báðum rafgeymunum (Mynd 42).

   **Ath.:** Plússkautið er auðkennt með + merkinu efst á rafgeymishlífinni.

3. Tengið endann á öðrum startkaplinum við mínusskautið á rafgeyminum í hinum vinnubílnum.

   **Ath.:** Mínusskautið er auðkennt með „NEG“ á rafgeymishlífinni.

   **Ath.:** Ekki tengja endann á hinum startkaplinum við neikvæða skautið á tóma rafgeyminum. Tengið startkapalinn við vélina eða grindina. Ekki tengja startkapalinn við eldsneytiskerfið.




**Mynd 42**

1. Rafgeymir

4. Gangsetjið vél vinnubílsins sem gefur startið.

   **Ath.:** Látið vélina ganga í nokkrar mínútur og gangsetjið síðan hina vélina.

5. Fjarlægið fyrst startkaplana af neikvæða rafgeymisskauti vinnubílsins og þar á eftir af rafgeymisskautinu í vinnubílnum sem gaf start.

6. Festið rafgeymishlífina við undirstöðu rafgeymisins.

# Unnið við rafgeymi

**Viðhaldstími:** Á 50 klukkustunda fresti—Kannið vökvastöðu í rafgeymi (á 30 daga fresti ef búnaðurinn er í geymslu).

Á 50 klukkustunda fresti—Skoðið tengingar rafgeymiskapla.

**⚠ HÆTTA**

**Geymasýra inniheldur brennisteinssýru sem er banvæn við inntöku og veldur alvarlegum brunasárum.**

- **Ekki drekka rafvökva og gætið þess að hann komist ekki snertingu við húð, augu eða fatnað. Notið hlífðargleraugu til að verja augu og gúmmíhanska til að verja hendur.**
- **Fylla skal á rafgeyminn þar sem gott aðgengi er að hreinu vatni til að skola húðina.**
- Tryggið að rafgeymirinn sé ávallt hreinn og fullhlaðinn.
- Þegar tæring er til staðar á rafgeymisskautunum verður að þrífa þau með lausn sem inniheldur fjóra hluta vatns og einn hluta matarsóda.
- Smyrjið þunnt lag af feiti á rafgeymisskautin til að koma í veg fyrir tæringu.
- Viðhaldið stöðu rafvökvans á rafgeyminum.
- Haldið efri hluta rafgeymisins hreinum með því að hreinsa hann reglulega með bursta bleyttum í ammoníaki eða matarsódalausn. Skolið hann með vatni að þrifum loknum. Ekki fjarlægja áfyllingarlokið á meðan þrifin standa yfir.
- Gætið þess að rafgeymiskaplarnir séu vel hertir á skautunum til að tryggja góða rafmagnstengingu.
- Notið eimað eða steinefnasneytt vatn til að halda hæð geymasýrunnar í hólfinu. Ekki fylla á hólfin sem eru fyrir ofan neðri hluta áfyllingarhringsins í hverju hólfi fyrir sig.
- Ef vinnubíllinn er geymdur þar sem hitastig getur orðið mjög hátt eyðist hleðsla rafgeymisins hraðar en þegar hann er geymdur þar sem svalt er.

# *Viðhald drifkerfis*

## Athugun á olíuhæð mismunadrifs að framan

### Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti/Mánaðarlega (hvort sem verður á undan)—Athugið olíuhæð mismunadrifsins að framan (aðeins gerðir með fjórhjóladrif).

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Þrífið svæðið umhverfis aftöppunar-/stöðutappann á hlið mismunadrifsins (Mynd 43).




**Mynd 43**

1. Áfyllingar-/stöðutappi
2. Botntappi

5. Fjarlægið áfyllingar-/stöðutappann og athugið olíuhæðina.

   **Ath.:** Olían ætti að ná upp að opinu.
6. Fyllið á með tilgreindri olíu ef lítið er eftir af olíu.
7. Komið áfyllingar-/stöðutappanum aftur fyrir á sínum stað.

## Skipt um mismunadrifsolíu að framan

### Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir

**Viðhaldstími:** Á 800 klukkustunda fresti (Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir).

**Forskrift mismunadrifsolíu:** Mobil 424 glussi

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Þrífið svæðið í kringum botntappann á hlið mismunadrifsins (Mynd 43).
5. Setjið afrennslispönnu undir botntappann.
6. Takið botntappann úr og tappið af allri olíunni í afrennslispönnuna.
7. Setjið tappann á sinn stað og herðið þegar aftöppun olíunnar er lokið.
8. Þrífið svæðið í kringum áfyllingar-/stöðutappann neðst á mismunadrifinu.
9. Fjarlægið áfyllingar-/stöðutappann og fyllið á með tilgreindri olíu þar til olíuhæðin nær upp að opinu.
10. Komið áfyllingar-/stöðutappanum aftur fyrir á sínum stað.

## Athugun á skauthlífum rafalsins

### Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir

**Viðhaldstími:** Á 200 klukkustunda fresti (Eingöngu fjórhjóladrifnar gerðir).

Skoðið skauthlífar rafalsins með tilliti til sprungumyndunar, holumyndunar eða lausra klemma. Leitið ráða hjá viðurkenndum þjónustu- og söluaðila varðandi viðhaldsvinnu eða viðgerðir ef skemmdir koma í ljós.

# Stilling á leiðslum gírskiptingarinnar

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar

Á 200 klukkustunda fresti

1. Færið gírstöngina í HLUTLAUSAN GÍR.
2. Fjarlægið splittpinnana sem festa leiðslur gírskiptingarinnar við skiptileiðslur sambyggða gírkassans og drifsins (Mynd 44).




**Mynd 44**

1. Gírstöng (hátt og lágt hraðasvið)
2. Gírstöng (annar og þriðji gír)
3. Gírstöng (fyrsti gír og bakkgír)
4. Splittbolti

3. Losið um festirær klofans og stillið hvern klofa fyrir sig þannig að fríbil leiðslunnar sé jafnt fram á við og aftur á bak miðað við op gírstangar sambyggða gírkassans og drifsins (fríbil stangar sambyggða gírkassans og drifsins skal vera jafnt í sömu átt).
4. Komið splittboltunum fyrir og herðið festirærnar þegar viðgerðum er lokið.

# Stilling leiðslunnar fyrir hátt og lágt hraðasvið

**Viðhaldstími:** Á 200 klukkustunda fresti

1. Fjarlægið splittboltann sem heldur leiðslunni fyrir hátt og lágt hraðasvið fastri á sambyggða gírkassanum og drifinu (Mynd 44).
2. Losið um festiró klofans og stillið klofann þannig að op klofans flútti við op sambyggða gírkassans og drifsins.
3. Komið splittboltanum fyrir og herðið festiróna þegar viðgerðum er lokið.

# Stilling driflæsingarleiðslu

**Viðhaldstími:** Á 200 klukkustunda fresti

1. Færið stöng mismunadrifsins í stöðuna OFF (slökkt).
2. Losið um festirærnar sem halda leiðslu mismunadrifsins fastri við festinguna á sambyggða gírkassanum og drifinu (Mynd 45).




**Mynd 45**

1. Driflæsingarleiðsla
2. Festing fyrir sambyggðan gírkassa og drif
3. Gormur
4. 0,25 til 1,5 mm bil

3. Stillið festirærnar þannig að 0,25 til 1,5 mm fríbil verði á milli króks gormsins og opsins á stöng sambyggða gírkassans og drifsins.
4. Herðið festirærnar þegar viðhaldsvinnu er lokið.

# Hjólbarðaskoðun

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti

**Forskrift loftþrýstings í hjólbörðum framdekkja:** 220 kPa (32 psi)

**Forskrift loftþrýstings í hjólbörðum afturdekkja:** 124 kPa (18 psi)

Árekstrar sem kunna að verða við notkun vinnubílsins, líkt og þegar ekið er á gangstéttarbrúnir, geta valdið skemmdum á hjólbörðum eða felgum og raskað hjólastillingum. Skoðið því ástand hjólbarða eftir slíka árekstra.

***Mikilvægt:*** **Kannið oft þrýsting í hjólbörðum til að tryggja réttan loftþrýsting. Ef loftþrýstingur í hjólbörðum er ekki réttur slitna þeir hraðar og hætta er á að bíllinn sé fastur í fjórhjóladrifinu.**

Mynd 46 er dæmi um slit hjólbarða vegna of lítils loftþrýstings.




g010294

**Mynd 46**

1. Of lítill loftþrýstingur í hjólbarða

Mynd 47 er dæmi um slit hjólbarða vegna of mikils loftþrýstings.




g010293

**Mynd 47**

1. Of mikill loftþrýstingur í hjólbarða

# Athugun á stillingu framdekkja

**Viðhaldstími:** Á 400 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)

1. Gakktu úr skugga um að þrýstingur í dekkjum sé réttur áður en þú athugar stöðu framhjóla; sjá Þrýstingur hjólbarða kannaður (síða 23).
2. Hafðu annað hvort stjórnanda í stjórnandasæti eða settu þyngd í ökumannssætið sem jafngildir meðal stjórnanda ökutækisins.

   Stjórnandinn eða þyngdin verður að vera í sætinu meðan framhjólastillingarferlið stendur yfir.
3. Á flötu yfirborði skaltu rúlla vinuuvélinni beint aftur 2 til 3 m (6 til 10 fet) og síðan beint áfram í upphaflega upphafsstöðu.

   Þetta gerir fjöðrun vinnuvélarinnar kleift að setjast í venjulega vinnustöðu.
4. Gangið úr skugga um að hjólbarðarnir snúi beint áfram.
5. Mældu fjarlægðina milli framdekkja í áshæð bæði að framan og aftan á dekkjunum (Mynd 48).

   Innskeifni framhjóls ætti að vera 0 ± 6 mm (0 ± ¼ tommur).

   ***Mikilvægt:*** **Ávallt skal gera mælingar á sömu stöðum á hjólbarðanum. Koma skal vinnubílnum fyrir á sléttu undirlagi og snúa hjólbörðunum beint fram.**




g009169

**Mynd 48**

1. Framhlið vinnubílsins
2. 0 ± 6 mm (0 ± ¼ tommur) framan til aftan á dekkinu
3. Fjarlægð miðju til miðju

6. Ef innskeifni framhjólsins er röng skaltu stilla sem hér segir:

   A. Losið um festiróna fyrir miðju tengistangarinnar (Mynd 49).




g010329

**Mynd 49**

1. Millistangir
2. Festirær

B. Snúðu báðum stýrisendum jafnt til að færa framhlið dekkjanna inn eða út.

C. Hertu festirær stýrisenda þegar stillingin á innskeifni er rétt.

   Hertu festirær stýrisenda í 62 til 74 Nm (45 til 55 ft-lb).

7. Eftir að þú hefur lokið stillingu innskeifninnar skaltu ganga úr skugga um að stýrið fari alveg í báðar áttir.

   Það ætti ekki að vera snerting á milli íhluta vinnuvélar þegar þú færir hjólin frá enda til enda. Stilltu ef nauðsyn krefur.

# Hersla felguróa

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 2 klukkustundirnar

Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar

Á 200 klukkustunda fresti

**Hersluátak fyrir felguró:** 109 til 122 N·m

Herðið felgurær fram- og afturhjólanna í krossmynstri eins og sýnt er á Mynd 50 með tilgreindu hersluátaki.




g034007

**Mynd 50**

# *Viðhald kælikerfis*

## Öryggi tengt kælikerfi

- Inntaka kælivökva vélar getur valdið eitrun; geymið þar sem börn og gæludýr ná ekki til.
- Heitur kælivökvi sem sprautast út eða snerting við heitan vatnskassa og nærliggjandi hluti getur valdið alvarlegum brunasárum.
  - Bíðið alltaf með að fjarlægja vatnskassalokið í minnst 15 mínútur á meðan vélin kólnar.
  - Notið tusku þegar vatnskassalokið er skrúfað laust og opnið lokið rólega til að hleypa gufu út.
- Ekki vinna á vinnubílnum án hlífa á viðeigandi stöðum.
- Haldið fingrum, höndum og klæðnaði í öruggri fjarlægð frá viftu og drifreim á hreyfingu.
- Drepið á vélinni og takið lykilinn úr áður en viðhaldi er sinnt.

## Athugun á hæð kælivökva vélarinnar

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega—Athugaðu hæð kælivökva.

**Rúmtak kælikerfisins:** 3,7 l

**Gerð kælivökva:** 50/50 lausn af vatni og varanlegum etýlenglýkól-frostlegi

**⚠ VIÐVÖRUN**

**Þegar vélin hefur verið í gangi er hætta á að heitur kælivökvi undir þrýstingi leki úr og valdi brunasárum.**

- **Ekki opna eða fylla á kælivökva í vatnskassanum; við það kemst loft inn í kerfið með meðfylgjandi vélarskemmdum. Eingöngu er fyllt á kælivökva vélarinnar í geyminn.**
- **Ekki opna vatnskassalokið þegar vélin er í gangi.**
- **Notið tusku þegar vatnskassalokið er skrúfað laust og opnið lokið rólega til að hleypa gufu út.**

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu.
2. Færðu gírstöngina í P (PARK) stöðu.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Athugaðu hæð kælivökva inni í varageyminum.




**Mynd 51**

**Ath.:** Kælivökvinn ætti að ná upp að neðri hluta áfyllingarstútsins þegar vélin er köld.

5. Ef lítið er af kælivökva skaltu fjarlægja lokið á kælivökvageyminum og bæta við 50% etýlen-glýkóli með lífrænni aukefnistækni (OAT) 50% eimingarvatns frostlegi.

   **Ekki yfirfylla.**

6. Handhertu lok varageymisins.

# Óhreinindi hreinsuð úr kælikerfinu

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega—Hreinsið óhreinindi úr vélarrýminu og af vatnskassanum. (Hreinsa verður oftar við óhreinar aðstæður.)

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Hreinsið vandlega öll óhreinindi úr vélarrýminu.
5. Losið um og fjarlægið vatnskassahlífina sem er framan á vatnskassanum (Mynd 52).




g010315

**Mynd 52**

1. Vatnskassahlíf
2. Klinka

6. Snúið klinkunum ef þær eru til staðar og snúið olíukælinum frá vatnskassanum (Mynd 53).




g010316

**Mynd 53**

1. Vatnskassahús
2. Olíukælir
3. Klinkur

7. Þrífið vatnskassann, olíukælinn og hlífina með þrýstilofti.

   **Ath.:** Blásið óhreinindi af vatnskassanum.

8. Komið kælinum og hlífinni fyrir á vatnskassanum.

# Skipt um kælivökva vélar

**Viðhaldstími:** Á 1.000 klukkustunda fresti/Á tveggja ára fresti (hvort sem verður á undan)—Skiptu um kælivökva vélar.

**Rúmtak kælikerfisins:** 3,7 l

**Gerð kælivökva:** 50/50 lausn af vatni og varanlegum etýlenglýkól-frostlegi

Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.

# *Viðhald hemla*

## Athugun á hæð hemlavökvans

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega—Athugið hæð hemlavökvans. Athugið hæð hemlavökvans áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn.

Á 1.000 klukkustunda fresti/Á tveggja ára fresti (hvort sem verður á undan)—Skiptið um hemlavökva.

**Gerð hemlavökva:** DOT 3

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Opnið vélarhlífina til að fá aðgang að höfuðhemladælunni og geyminum (Mynd 54).




**Mynd 54**

1. Bremsuvökvageymir

5. Gangið úr skugga um að vökvahæðin nái að merkingunni Full (fullt) á geyminum (Mynd 55).




**Mynd 55**

1. Bremsuvökvageymir

6. Ef vökvahæðin reynist vera of lág skal þrífa svæðið umhverfis lokið, fjarlægja lokið af geyminum og fylla á með tilgreindum hemlavökva að réttri vökvahæð (Mynd 55).

**Ath.: Ekki yfirfylla geyminn af hemlavökva.**

## Stöðuhemillinn stilltur

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar

Á 200 klukkustunda fresti

1. Fjarlægið gúmmíhandfangið af stöðuhemilsstönginni (Mynd 56).




**Mynd 56**

1. Handfang
2. Stöðuhemilsstöng

2. Losið stilliskrúfuna sem festir hnúðinn við stöðuhemilsstöngina (Mynd 57).




**Mynd 57**

1. Hnúður
2. Stilliskrúfa
3. Stöðuhemilsstöng

3. Snúið hnúðnum (Mynd 57) þar til 20 til 22 kg af afli er krafist til að hreyfa stöngina.
4. Herðið stilliskrúfuna að því loknu (Mynd 57).

   **Ath.:** Þegar ekki er unnt að stilla stöðuhemillinn með því að stilla stöðuhemilsstöngina, skal losa um handfangið í miðri stillingu, stilla leiðsluna að aftan og endurtaka skref 3.
5. Komið gúmmígripinu fyrir á stöðuhemilsstönginni (Mynd 56).

# Hemlafótstig stillt

**Viðhaldstími:** Á 200 klukkustunda fresti

**Ath.:** Fjarlægið vélarhlífina að framan til að auðvelda stillingarferlið.

1. Fjarlægið klofsplittið og splittboltann sem halda klafa höfuðdælunnar föstum við pinna hemlafótstigsins (Mynd 58).




**Mynd 58**

1. Klafi höfuðdælu
2. Pinni hemlafótstigs

2. Lyftið hemlafótstiginu (Mynd 59) þar til fótstigið snertir grindina.
3. Losið um festirærnar sem festa klafann við skaft höfuðdælunnar (Mynd 59).
4. Stillið klafann þar til opin flútta við opið á pinna hemlafótstigsins.
5. Notið splittboltann og klofsplittið til að festa klafann við pinna fótstigsins.
6. Herðið festirærnar sem festa klafann við skaft höfuðdælunnar.

   **Ath.:** Höfuðhemladælan losar um þrýsting þegar hún er stillt á réttan hátt.




**Mynd 59**

1. Kúplingsfótstig
2. Hemlafótstig
3. Inngjafarfótstig

# *Viðhald reimar*

## Stilling reimar riðstraumsrafals

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar—Athugið ástand og strekkingu reimar riðstraumsrafalsins.

Á 200 klukkustunda fresti—Athugið ástand og strekkingu reimar riðstraumsrafalsins.

1. Hækkið pallinn og komið öryggisstoðum fyrir undir framlengdan lyftitjakk pallsins til að halda pallinum uppi.
2. Athugið strekkinguna með því að ýta á reimina mitt á milli trissa sveifarásins og riðstraumsrafalsins og beitið 10 kg afli (Mynd 60).

   **Ath.:** Nýja reimin ætti að gefa eftir um 8 til 12 mm.

   **Ath.:** Notaða reimin ætti að gefa eftir um 10 til 14 mm. Haldið áfram í næsta skref ef strekkingin er röng. Haldið notkun áfram ef strekkingin er rétt.
3. Gerið eftirfarandi til að stilla strekkingu reimarinnar:
   A. Losið um festiboltana tvo á riðstraumsrafalnum (Mynd 60).




**Mynd 60**

1. Riðstraumsrafalsreim
2. Festiboltar riðstraumsrafals

B. Notið kúbein til að snúa riðstraumsrafalnum þar til fullnægjandi strekkingu reimarinnar er náð og herðið síðan festiboltana (Mynd 60).

# Viðhald stýrikerfis

## Stilling kúplingsfótstigs

**Viðhaldstími:** Á 200 klukkustunda fresti

**Ath.:** Hægt er að stilla leiðslu kúplingsfótstigsins við kúplingshúsið eða með pinna kúplingsfótstigsins. Hægt er að fjarlægja hlífina að framan til að fá aðgengi að pinna fótstigsins.

1. Herðið festirærnar sem halda leiðslu mismunadrifsins fastri við festinguna á sambyggða gírkassanum og drifinu (Mynd 61).

   **Ath.:** Hægt er að fjarlægja eða snúa kúluliðnum ef þörf er á frekari stillingu.




**Mynd 61**

1. Gormur
2. Kúluliður
3. Festirær
4. Kúplingsvír

2. Takið gorminn úr sambandi við kúplingsarminn.
3. Stillið festirærnar eða kúluliðinn þar til aftari brún kúplingsfótstigsins er 9,2 til 9,8 cm frá efsta hluta gólfplötunnar, þegar um 1,8 kg afli er beitt á fótstigið (Mynd 62).




**Mynd 62**

1. Kúplingsfótstig
2. 9,2 til 9,8 cm

**Ath.:** Beitið afli þannig að legan sem losar um kúplinguna snerti örlítið pinna þrýstingsplötunnar.

4. Herðið stillirærnar þegar fullnægjandi stillingu er náð.
5. Athugið hvort að málin séu 9,2 til 9,8 cm þegar lokið er við að herða festirærnar til að ganga úr skugga um að hersluátakið sé rétt.

   **Ath.:** Stillið aftur ef þörf er á.
6. Tengið gorminn við kúplingsarminn.

   ***Mikilvægt:*** **Gangið úr skugga um að stangarendinn snúi beint á kúluna, ekki sé undið upp á hann og hann sé samhliða kúplingsfótstiginu þegar lokið er við að herða festiróna (Mynd 63).**

   **Ath.:** Fríbil kúplingarinnar skal aldrei vera minna en 19 mm.




**Mynd 63**

1. Stangarendi kúplingsvírs
2. Kúplingsfótstig
3. Festiró stangarenda
4. Samhliða

# Stilling inngjafarfótstigsins

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Stillið kúlulið leiðslu inngjafarfótstigsins (Mynd 64) þannig að um 2,54 til 6,35 mm fríbil sé á milli arms inngjafarfótstigsins og efsta hluta gólfplötunnar (Mynd 65), þegar um 11,3 kg afli er beitt á miðju fótstigsins.

   **Ath.:** Vélin skal ekki vera í gangi og festa verður gorminn á sinn stað.
3. Herðið lásróna (Mynd 64).




**Mynd 64**

1. Lásró
2. Inngjafarleiðsla




**Mynd 65**

1. 2,54 til 6,35 mm fríbil

***Mikilvægt:*** **Hámarkslausagangshraði er 3650 snúningar á mínútu. Ekki stilla stöðvun á hröðum lausagangi.**

# Viðhald vökvakerfis

## Öryggi tengt vökvakerfi

- Leitið tafarlaust til læknis ef glussi sprautast undir húð. Læknir verður að fjarlægja glussa sem kemst undir húð með skurðaðgerð innan nokkurra klukkustunda frá slysi.
- Áður en vökvakerfið er aftengt eða unnið er við vökvakerfið skal losa allan þrýsting af kerfinu með því að drepa á vélinni, stilla losunarlokann nokkrum sinnum á milli hækkunar og lækkunar og/eða láta pallinn og tengitæki síga niður. Setjið stöng ytra vökvakerfis í flotstöðu. Ekki vinna undir palli sem hefur verið lyft án þess að nota viðeigandi öryggisstífu.
- Tryggið að allar vökvaslöngur og -leiðslur séu í góðu ásigkomulagi og að öll vökvatengi séu vel hert áður en þrýstingi er hleypt á vökvakerfið.
- Haldið höndum og líkama í öruggri fjarlægð frá hárfínum leka eða stútum sem sprauta út glussa undir miklum þrýstingi.
- Notið bylgjupappa eða pappír til að finna glussaleka.

## Viðhaldsvinna við sambyggðan gírkassa og drif/vökvakerfi

### Tæknilýsingar vökva fyrir sambyggðan gírkassa og drif/glussa

**Gerð vökva sambyggðs gírkassa og drifs:** Dexron III ATF

### Athugun á hæð vökva sambyggða gírkassans og drifsins/glussans

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega—Athugið vökvahæð sambyggða gírkassans og drifsins/glussahæðina. (Athugið vökvahæðina áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn og síðan á 8 klukkustunda fresti eða daglega þar á eftir.)

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Hreinsið svæðið í kringum olíukvarðann (Mynd 66).




**Mynd 66**

1. Olíukvarði

5. Skrúfið olíukvarðann úr efri hluta sambyggða gírkassans og drifsins og þurrkið af kvarðanum með hreinum klút.
6. Skrúfið olíukvarðann í sambyggða gírkassann og drifið á nýjan leik og gangið úr skugga um að olíukvarðinn sé kyrfilega fastur.
7. Skrúfið olíukvarðann úr og athugið vökvahæðina.

   **Ath.:** Vökvinn ætti að ná upp að flata hluta olíukvarðans.
8. Þegar vökvahæðin er of lág skal fylla á með nægilega mikið af tilgreindum vökva þar til réttri hæð er náð, sjá Tæknilýsingar vökva fyrir sambyggðan gírkassa og drif/glussa (síða 59).

### Skipt um glussann og sigtið þrifið

**Viðhaldstími:** Á 800 klukkustunda fresti—Skiptið um glussann og þrífið sigtið.

**Rúmtak glussa:** 7 l

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Fjarlægið botntappann úr hlið geymisins og látið glussann renna í afrennslispönnu (Mynd 67).




**Mynd 67**

1. Glussatankur
2. Botntappi

5. Skrifið hjá ykkur snúningsátt vökvaslöngunnar og 90° tengi sigtisins á hlið geymisins (Mynd 68).
6. Fjarlægið vökvaslönguna og 90° tengið.
7. Fjarlægið sigtið og hreinsið sigtið með bakskolun í hreinum fituhreinsi.

   **Ath.:** Lofþurrkið eininguna áður en henni er komið fyrir á nýjan leik.




**Mynd 68**

1. Glussasigti

8. Setjið sigtið í.
9. Festið vökvaslönguna og 90° tengið á sigtið í sömu snúningsátt og áður.
10. Setjið botntappann aftur í og herðið.
11. Fyllið u.þ.b. 7 l af tilgreindum glussa á geyminn, sjá Athugun á hæð vökva sambyggða gírkassans og drifsins/glussans (síða 59).
12. Gangsetjið vélina og notið vinnubílinn til að fylla vökvakerfið.
13. Athugið hæð glussans og fyllið á eftir þörfum.

***Mikilvægt:*** **Notið eingöngu tilgreindan glussa. Vökvar af annarri gerð geta skemmt kerfið.**

## Skipt um glussasíuna

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar—Skiptið um glussasíuna.

Á 800 klukkustunda fresti—Skiptið um glussasíuna.

***Mikilvægt:*** **Notkun annarra sía getur ógilt ábyrgð tiltekinna íhluta.**

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Hreinsið svæðið í kringum festisvæði síunnar.
5. Setjið afrennslispönnu undir síuna og fjarlægið síuna (Mynd 69).




**Mynd 69**

1. Glussasía
2. Hraðstreymisglussasía

6. Smyrjið pakkningu nýju síunnar.
7. Gangið úr skugga um að festisvæðið í kringum síuna sé hreint.
8. Skrúfið síuna á þar til pakkningin snertir festiplötuna og herðið síuna um ½ hring.
9. Gangsetjið vélina og látið hana ganga í tvær mínútur til að lofttæma kerfið.
10. Drepið á vélinni, athugið glussahæðina og leitið eftir leka.

# Viðhaldsvinna við vökvakerfi með miklu flæði

## Eingöngu TC-gerðir

## Forskriftir fyrir glussa

Geymirinn er fylltur í verksmiðju með hágæða glussa. Athugið hæð glussans áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn og daglega þar á eftir, sjá Athugun á hæð glussa með miklu flæði (síða 61).

**Ráðlagður glussi fyrir glussaskipti:** Toro PX Extended Life Hydraulic Fluid sem fæst í 19 l fötum eða 208 l tunnum.

**Ath.:** Þegar notaður er ráðlagður vökvi á vinnubílnum er ekki þörf á því að skipta eins oft um vökva og síur.

**Aðrar gerðir af vökvum:** Í tilvikum þegar Toro PX Extended Life Hydraulic Fluid er ekki tiltækur er hægt að nota aðra hefðbundna jarðolíuglussa með sömu forskriftir og alla tilgreinda efnislega eiginleika og uppfylla staðla í iðnaði. Notið ekki syntetískan vökva. Leitið ráða hjá söluaðila smurefnisins til að fá ábendingar um hentugan glussa.

**Ath.:** Toro tekur enga ábyrgð á skemmdum vegna notkunar rangrar gerðar af glussa og þar af leiðandi skal eingöngu nota vörur frá áreiðanlegum framleiðendum sem geta ábyrgst vörur sínar.

### Glussi með slitvörn og háan seigjuvísi/lág rennslismörk, ISO VG 46

Efniseiginleikar:

| | |
|---|---|
| Seigja, ASTM D445 | cSt @ 40°C 44 til 48 |
| Seigjustuðull, ASTM D2270 | 140 eða hærri |
| Rennslismark, ASTM D97 | -37°C til -+45°C |
| Forskriftir iðnaðarstaðla: | Eaton Vickers 694 (I-286-S, M-2950-S/35VQ25 eða M-2952-S) |

**Ath.:** Margar gerðir glussa eru nánast litlausar og því erfitt að greina þær við leka. Rautt litarefni fyrir glussa er í boði í 20 ml flöskum. Ein flaska dugar fyrir 15 til 22 l af glussa. Pantið hlutarnr. 44-2500 frá viðurkenndum dreifingaraðila Toro.

## Athugun á hæð glussa með miklu flæði

### Eingöngu TC-gerðir

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega—Athugið hæð hraðstreymisglussans (aðeins á TC-gerðum). (Athugið glussahæðina áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn og daglega þar á eftir)

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Hreinsið svæðið í kringum áfyllingarstút og lok glussageymisins (Mynd 70).
5. Fjarlægið lokið af áfyllingarrörinu.




g010324

**Mynd 70**

1. Lok

6. Takið olíukvarðann (Mynd 70) úr og strjúkið af honum með hreinum klút.
7. Stingið olíukvarðanum í áfyllingarstútinn; takið hann aftur úr og athugið vökvahæðina.

   **Ath.:** Vökvahæðin ætti að vera á milli merkinganna tveggja á olíukvarðanum.
8. Þegar vökvahæðin er of lág skal fylla á með viðeigandi vökva þar til vökvahæðin er við efri merkinguna, sjá Skipt um hraðstreymisglussa og síu (síða 61).
9. Komið olíukvarðanum og lokinu fyrir á áfyllingarstútnum.
10. Gangsetjið vélina og kveikið á tengitækinu.

    **Ath.:** Látið búnaðinn ganga í 2 mínútur til að lofttæma kerfið.

    ***Mikilvægt:*** **Vinnubíllinn verður að vera í gangi áður en hraðstreymisvökvakerfið er gangsett.**
11. Drepið á vélinni og tengitækinu og leitið eftir leka.

## Skipt um hraðstreymisglussa og síu

### Eingöngu TC-gerðir

**Viðhaldstími:** Á 1.000 klukkustunda fresti—Skiptið um síu hraðstreymisglussans ef ráðlagður glussi er **notaður**.

Á 2.000 klukkustunda fresti—Skiptið um hraðstreymisglussann ef ráðlagður glussi er **notaður**.

Á 800 klukkustunda fresti—Skiptið um hraðstreymisglussann og síuna þegar ráðlagður glussi var **ekki notaður** eða þegar fyllt var á geyminn með vökva af annarri gerð.

**Rúmtak fyrir glussa:** u.þ.b. 15 l

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Hreinsið svæðið í kringum festisvæði síu hraðstreymisglussans (Mynd 69).
5. Setjið afrennslispönnu undir síuna og fjarlægið síuna.

   **Ath.:** Þegar ekki skal tappa af vökvanum skal aftengja og tengja vökvaleiðsluna sem liggur í síuna.
6. Smyrjið pakkningu nýju síunnar og skrúfið síuna á síuhausinn með höndunum þar til pakkningin snertir síuhausinn. Herðið síðan ¾ úr hring til viðbótar. Sían ætti nú að vera lokuð.
7. Fyllið u.þ.b. 15 l af glussa á glussageyminn.
8. Gangsetjið vélina og látið hana ganga í lausagangi í 2 mínútur til að glussinn dreifist um allt kerfið og til að lofttæma kerfið.
9. Stöðvið vinnubílinn og athugið vökvahæðina.
10. Athugið vökvahæðina.
11. Fargið vökvanum á viðeigandi máta.

# Pallinum lyft í neyðartilviki

Hægt er að lyfta pallinum í neyðartilvikum án þess að gangsetja vélina með því að ræsa startarann eða gefa vökvakerfinu start.

## Pallinum lyft með startaranum

Ræsið startarann og haldið lyftistönginni í efstu stöðu á sama tíma. Ræsið startarann aftur í 10 sekúndur og bíðið síðan í 60 sekúndur þar til startarinn er ræstur á ný. Þegar vélin fer ekki í gang verður að fjarlægja farminn og pallinn (tengitæki) til að sinna viðhaldsvinnu eða viðgerðum á vélinni eða sambyggða gírkassanum og drifinu.

## Pallinum lyft með gangsetningu vökvakerfisins af öðrum vinnubíl

**⚠ VARÚÐ**

**Þegar pallurinn er fullur af efni og er lyft án viðeigandi öryggisstangar getur hann sigið skyndilega. Vinna undir hækkuðum palli án öryggisstoðar getur valdið meiðslum á fólki.**

- **Áður en unnið er við viðhaldsvinnu eða viðgerðir á vinnubílnum skal leggja vinnubílnum á jafnsléttu, setja stöðuhemilinn á, drepa á vélinni og taka lykilinn úr.**
- **Áður en vinna fer fram undir hækkuðum palli skal fjarlægja allt efni af pallinum eða öðru tengitæki og koma fyrir stoð undir lyftutjakkinn sem er settur alveg út.**

**Nota verður tvær vökvaslöngur með karl- og kvenhraðtengi sem passa í tengi vinnubílsins til að framkvæma þessa viðgerð.**

1. Bakkið öðrum vinnubíl að afturhlið óvirka vinnubílsins.

   ***Mikilvægt:*** **Dexron III ATF er notaður í vökvakerfi vinnubílsins. Gangið úr skugga um að vinnubíllinn sem er notaður til að gangsetja vökvakerfið noti vökva af sömu gerð til að koma í veg fyrir mengun kerfisins.**
2. Takið báðar leiðslur hraðtengjanna úr sambandi við leiðslurnar sem eru festar á festingu tengisins (Mynd 71).




**Mynd 71**

1. Slanga hraðtengis A
2. Slanga hraðtengis B

3. Tengið tengileiðslurnar tvær við leiðslurnar sem voru aftengdar á óvirka vinnubílnum (Mynd 72).
4. Setjið lok á öll ónotuð tengi.




**Mynd 72**

1. Aftengdar slöngur
2. Tengileiðslur

5. Tengið leiðslurnar tvær við tengið sem er enn í festingu tengisins á hinum vinnubílnum (tengið efri leiðsluna við efsta tengið og neðri leiðsluna við neðra tengið) (Mynd 73).
6. Setjið lok á öll ónotuð tengi.




**Mynd 73**

1. Tengileiðslur

7. Haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð frá vinnubílunum.
8. Ræsið hinn vinnubílinn og færið stöngina í lyftistöðu til að lyfta upp óvirka pallinum.
9. Færið stöng vökvalyftunnar í HLUTLAUSA stöðu og læsið stönginni.
10. Komið stoðinni fyrir undir framlengda lyftitjakk pallsins, sjá Notkun pallstífu (síða 36).

    **Ath.:** Drepið á báðum vinnubílunum, hreyfið lyftistöngina fram og aftur til að létta þrýstingi af kerfinu og auðvelda aftengingu hraðtengjanna.
11. Fjarlægið tengileiðslurnar þegar viðgerðinni er lokið og tengið vökvaslöngurnar við báða vinnubílana.

    ***Mikilvægt:*** **Athugið hæð glussans í báðum vinnubílunum áður en notkun hefst á ný.**

# Vinnubíllinn þrifinn

Notið eingöngu vatn eða mild hreinsiefni til að þrífa vinnubílinn eftir þörfum. Nota má tusku til að þrífa vinnubílinn.

***Mikilvægt:*** **Ekki nota ísalt vatn eða hreinsað vatn til að þrífa vinnubílinn.**

***Mikilvægt:*** **Ekki nota háþrýstibúnað til að þrífa vinnubílinn. Þvottur með háþrýstibúnaði getur skemmt rafkerfið, losað um mikilvægar merkingar eða skolað í burtu mikilvægri smurfeiti af núningsstöðum. Forðist mikla notkun vatns, sérstaklega nærri stjórnborðinu, vélinni og rafgeyminum.**

***Mikilvægt:*** **Þrífið ekki vinnubílinn með vélina í gangi. Þrif á vinnubílnum þegar vélin er í gangi getur valdið skemmdum á innri vélaríhlutum.**

# Geymsla

## Öryggi við geymslu

- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr ökumannssætinu. Leyfið vinnuvélinni að kólna áður en hún er stillt, þjónustuð, þrifin eða sett í geymslu.
- Geymið ekki vinnuvélina eða eldsneytisílát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.

## Vinnubíllinn settur í geymslu

**Viðhaldstími:** Á 200 klukkustunda fresti—Skoðið aksturs- og stöðuhemlana.

Á 400 klukkustunda fresti—Skoðið hemlana sjónrænt og athugið hvort að hemlaklossarnir séu slitnir.

Eftir fyrstu 50 klukkustundirnar

Á 600 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Hreinsið óhreinindi og gróm af öllum vinnubílnum, þ.m.t. af fönum strokkloks vélarinnar og blásturshúsinu.
3. Skoðið hemlana; sjá Athugun á hæð hemlavökvans (síða 54).
4. Skiptið um loftsíuna; frekari upplýsingar eru í Unnið við loftsíuna (síða 42).
5. Þéttið inntak loftsíu og útblástursúttak með veðurþolnu límbandi.
6. Smyrjið vinnubílinn; sjá Smurning á legum og fóðringum (síða 40).
7. Skiptið um smurolíu og síu; sjá Skipt um smurolíu og síu (síða 44).
8. Skolið eldsneytisgeyminn með nýju og hreinu dísileldsneyti.
9. Herðið öll tengi eldsneytiskerfisins.
10. Kannið þrýsting í hjólbörðum; sjá Þrýstingur hjólbarða kannaður (síða 23).
11. Athugið frostlöginn og fyllið á með 50/50 lausn af vatni og frostlegi eftir þörfum miðað við áætlað lágmarkshitastig á vinnusvæðinu.
12. Fjarlægið rafgeyminn af grindinni, athugið hæð geymasýrunnar og hlaðið rafgeyminn að fullu, sjá Unnið við rafgeymi (síða 47).

**Ath.:** Ekki tengja rafgeymiskaplana við rafgeymaskautin við geymslu.

***Mikilvægt:*** **Hlaða verður rafgeyminn að fullu til að koma í veg fyrir að hann frjósi og skemmist við lægra hitastig en 0°C. Fullhlaðin rafgeymir heldur hleðslu sinni í um það bil 50 daga við lægra hitastig en 4°C. Þegar líkur eru á að hitastigið verði hærra en 4°C skal athuga vatnshæð rafgeymisins og hlaða hann á 30 daga fresti.**

13. Skoðið og herðið alla bolta, rær og skrúfur. Gerið við eða skiptið um skemmda hluta.
14. Lakkið yfir rispaða eða óvarða málmfleti.

    Lakk fæst hjá næsta viðurkennda þjónustu- og söluaðila.
15. Geymið vinnuvélina í hreinni, þurri vélageymslu eða geymslusvæði.
16. Breiðið yfir vinnuvélina til að verja hana og halda henni hreinni.

# Bilanaleit

| Vandamál | Möguleg orsök | Aðgerð til úrbóta |
|---|---|---|
| Erfitt er að losa um tengi hraðtengjanna. | 1. Vökvaþrýstingur er enn til staðar (þrýstingur á hraðtengi). | 1. Drepið á vélinni, hreyfið lyftistöng vökvakerfisins fram og aftur nokkrum sinnum og tengið hraðtengin við tengi vökvakerfis tengibúnaðarins. |
| Vökvastýrið kippist til. | 1. Glussastaða er lág.<br>2. Glussinn er heitur.<br>3. Vökvadælan virkar ekki. | 1. Sinnið viðhaldi á glussageyminum.<br>2. Athugið glussahæðina og fyllið á ef lítið er eftir. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila.<br>3. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila. |
| Vökvatengið lekur. | 1. Smurkoppurinn er laus.<br>2. O-hring vantar á þrýstingstengið. | 1. Herðið smurkoppinn.<br>2. Komið fyrir O-hringnum sem vantar. |
| Tengitæki virkar ekki. | 1. Hraðtengin eru ekki tengd á fullnægjandi hátt.<br>2. Hraðtengjunum hefur verið víxlað. | 1. Aftengið hraðtengin, fjarlægið og hreinsið óhreinindi af tengjunum, tengið tengin að nýju. Skiptið um öll skemmd tengi.<br>2. Aftengið hraðtengin, flúttið tengin við réttu opin á vökvakerfi tengibúnaðarins og festið tengin. |
| Vélin fer ekki í gang. | 1. Vökvastjórnstöngin er læst í stöðunni Á. | 1. Færið vökvalásinn í ÓLÆSTA stöðu, færið vökvastjórnstöngina í HLUTLAUSA stöðu og gangsetjið vélina. |

# Upplýsingar um viðvörun vegna tillögu 65 í Kaliforníu (California Proposition 65)

## Hvaða viðvörun er þetta?

Mögulega sérðu vöru til sölu með viðvörunarmerkingu á borð við eftirfarandi:

**VIÐVÖRUN:** Hætta á krabbameini og skaða á æxlunarfærum – www.p65Warnings.ca.gov.

## Hvað er tillaga 65?

Tillaga 65 nær til allra fyrirtækja sem starfa í Kaliforníu, selja vörur í Kaliforníu eða framleiða vörur sem kunna að vera seldar eða keyptar í Kaliforníu. Samkvæmt henni skal ríkisstjóri Kaliforníu viðhalda og birta lista yfir íðefni sem vitað er að valdi krabbameini, fæðingargöllum og/eða öðrum æxlunarskaða. Listinn er uppfærður árlega og inniheldur hundruð íðefna sem finna má í mörgum hversdagslegum hlutum. Tilgangur tillögu 65 er að upplýsa almenning um váhrif þessara íðefna.

Tillaga 65 bannar ekki sölu vara sem innihalda þessi íðefni en krefst þess í stað að viðvaranir séu settar á vörur, vöruumbúðir eða fylgiskjöl viðkomandi vara. Enn fremur gefur viðvörun á grunni tillögu 65 ekki til kynna að vara brjóti gegn öryggisstöðlum eða -kröfum vara. Yfirvöld Kaliforníu hafa í raun útskýrt að viðvörun á grunni tillögu 65 jafngildi ekki ákvörðun á grunni reglugerða um hvort vara er „örugg“ eða „óörugg“. Mörg þessara íðefna hafa verið notuð í hversdagslegum vörum um árabil án skráðs skaða. Frekari upplýsingar er að finna áhttps://oag.ca.gov/prop65/faqs-view-all.

Viðvörun á grunni tillögu 65 þýðir að fyrirtæki hefur annaðhvort (1) metið váhrifin og komist að þeirri niðurstöðu að hættustig sé hverfandi; eða (2) hefur valið að birta viðvörunina vegna þess að íðefni af listanum er til staðar án þess að váhrifin hafi verið metin.

## Gilda þessi lög alls staðar?

Viðvaranir á grunni tillögu 65 eru eingöngu áskildar samkvæmt lögum Kaliforníu. Þessar viðvaranir er að finna víðs vegar um Kaliforníu, í mismunandi samhengi, þar á meðal en ekki takmarkað við á veitingastöðum, kjörbúðum, hótelum, skólum og spítölum og á ýmis konar vörum. Við þetta bætist að sumar netverslanir og vörulistaverslanir birta viðvaranir á grunni tillögu 65 á vefsvæðum sínum og í vörulistum.

## Hvernig standa viðvaranir Kaliforníu í samanburði við mörk í landslögum?

Staðlar tillögu 65 eru oft mun strangari en í landslögum og alþjóðlegum stöðlum. Ýmis efni krefjast viðvörunar á grunni tillögu 65 í mun minni styrk en krafist er samkvæmt bandarískum landslögum. Til dæmis eru mörk tillögu 65 fyrir viðvörun vegna blýs 0,5 µg/dag, sem er mun lægra en samkvæmt bandarískum landslögum og alþjóðlegum stöðlum.

## Af hverju bera ekki allar sambærilegar vörur viðvörunina?

- Vörur sem seldar eru í Kaliforníu þarf að merkja samkvæmt tillögu 65 á meðan ekki þarf að merkja sambærilegar vörur sem seldar eru annars staðar.
- Fyrirtæki sem nær samkomulagi vegna málsóknar á grunni tillögu 65 þarf mögulega að merkja vörur sínar með viðvörunum á grunni tillögu 65 en önnur fyrirtæki sem framleiða samsvarandi vörur þurfa þess ekki.
- Ekki er samræmi í því hvernig tillögu 65 er framfylgt.
- Fyrirtæki kunna að sleppa því að nota þessar viðvaranir vegna þess að viðkomandi fyrirtæki telja sig ekki þurfa þess samkvæmt tillögu 65; það að vara sé ekki með viðvörun merkir ekki að viðkomandi vara sé án þeirra íðefna og í þeim styrk sem listinn segir til um.

## Af hverju notar Toro þessa viðvörun?

Toro hefur kosið að veita neytendum eins miklar upplýsingar og hægt er til að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um vörurnar sem þeir kaupa og nota. Toro notar þessar viðvaranir í tilteknum tilvikum vegna þess að það veit af tilvist eins eða fleiri skráðra íðefna án þess að leggja mat á váhrif, þar sem ekki fylgja öllum skráðum íðefnum upplýsingar um váhrifamörk. Þótt váhrif af völdum vara frá Toro kunni að vera hverfandi eða langt innan þeirra marka sem segja til um hverfandi hættu hefur Toro ákveðið að kjósa frekar meiri aðgát en minni og valið að nota viðvaranir á grunni tillögu 65. Enn fremur skal hafa í huga að ef Toro birtir ekki þessar viðvaranir kann það að verða lögsótt af Kaliforníuríki eða einkaaðilum sem framfylgja vilja tillögu 65 og gert að greiða umtalsverðar sektir.

**Count on it.**